

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 28. maí 2021.

Mál nr. 104/2020:

Vilhjálmur Diðriksson,

Hans Pétur Diðriksson og

Borgarbyggð

(*Stefán P. Ólafsson lögmaður*)

gegn

íslenska ríkinu

(*Andri Andrason lögmaður*)

Lykilorð

Þjóðlenda. Eignarréttur. Fasteign. Afréttur. Gjafsókn.

Útdráttur

Í úrskurði óbyggðanefndar var komist að þeirri niðurstöðu að austur- og vesturhluti Tvídægru, Sámsstaðaselland, austurhluti Síðumúlaskógar, Helgavatnsselland og Reykholtsselland væru innan þjóðlendu. B höfðaði mál gegn Í og krafðist þess að fellð yrðu úr gildi ákvæði í úrskurðinum um að austur- og vesturhluti Tvídægru, Sámsstaðaselland, austurhluti Síðumúlaskógar og Reykholtsselland væru innan þjóðlendu en V og H kröfðust þess í sama máli að ákvæði í úrskurðinum um að Helgavatnsselland væri innan þjóðlendu yrði fellt úr gildi. Reistu V, H og B kröfur sínar á því að umrædd landsvæði væru háð beinum eignarrétti þeirra. Í dómi héraðsdóms var staðfest að umrædd landsvæði væru innan þjóðlendu, að austurhluta Síðumúlaskógar frátöldum en þeirri kröfu var vísað frá dómi með vísan til 1. mgr. 19. gr. laga nr. 58/1998, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga. Héraðsdómur rakti að af lögfestu 52 ábúenda í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal, sunnan Norðurár og Sanddalsár, frá 17. október árið 1873, og fyrirbyggjandi bréfaskrifum mætti ráða að hið umdeilda svæði hefði verið notað öldum saman til upprekstrar fyrir nálægar jarðir en að svæðið lyti ekki beinum eignarrétti. Aðrar fyrirbyggjandi heimildir, svo sem Landnáma, kaupbréf, máldagar, vísitasíur og landamerkjabréf, bæru ekki með sér að umrædd svæði hefðu verið notuð til búsetu eða að beinn eignarréttur hefði haldist gegnum aldirnar, þó að ljóst væri að sum svæðin hefðu verið numin í öndverðu. Þvert á móti bæru málgögn með sér að nálægar jarðir hefðu haft af svæðinu hefðbundin afréttarnot. Að teknu tilliti til alls framangreinds hafnaði héraðsdómur þannig kröfum V, H og B. Í dómi Landsréttar er rakið að heimildirnar sem V og H reistu kröfur sínar á um eignarrétt að Helgavatnssellandi bæru ekki um hvernig eigendur Helgavatns hefðu upphaflega verið komnir að rétti sínum til Helgavatnssellands eða hvert inntak þeirra réttinda væri. Raunar bæru fyrirbyggjandi landamerkjabréf, jarðabækur og lögfestur ekki á sama veg um eignar- og nýtingarrétt að umræddu landsvæði. Þá gæfu sendibréf frá 1889 með uppköstum að

landamerkjalyfingum fyrir hið sameiginlega afréttarland til kynna að óvissa hefði verið um eignarréttarlega stöðu svæðisins, og þá hvort það hefði verið undirorpið beinum eignarrétti eiganda Helgavatns, verið afréttareign eða hann aðeins átt þau réttindi sem fælust í selför. Með vísan til framangreinds en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms var hann staðfestur.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómarnir Jón Höskuldsson og Kristbjörg Stephensen og Hildur Briem, settur landsréttardómari.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjendur skutu málinu til Landsréttar 24. febrúar 2020. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Vesturlands 31. janúar 2020 í málinu nr. E-70/2017.
- 2 Áfrýjendur, Hans Pétur og Vilhjálmur Diðrikssynir, krefjast þess að felldur verði úr gildi hluti úrskurðar óbyggðanefndar frá 11. október 2016 í máli nr. 3/2014: Hvítársíða, Þverárlíð og Norðurárdalur, nánar tiltekið að framangreindur úrskurður verði felldur úr gildi hvað varðar allt land innan eftirtalinna merkja: Að vestanverðu frá Litlu-Þverá ræður lækur uppeftir nyrðri Sýrdal allt upp að þeim punkti sem er í beinni línu á milli vörðu á hæðunum vestur af Sýrdalsvatni yfir í Sýrdalsborg, og þaðan í Urðarstapa, úr Urðarstapa í Spenatjarnir þaðan eftir austurbrún Fanngils ofan að merkjasteini á Eystri gilbarminum, úr þeim steini sjónhending í hásuður á Háu mela við Þverá, svo ræður Litla-Þverá að sunnanverðu allt að nyrðri Sýrdalslæk. Krefjast áfrýjendur viðurkenningar á því að umrætt landsvæði sé ekki þjóðlenda.
- 3 Endanleg krafa Borgarbyggðar er aðallega að felldur verði úr gildi hluti úrskurðar óbyggðanefndar frá 11. október 2016, í máli nr. 3/2014: Hvítársíða, Þverárlíð og Norðurárdalur, nánar tiltekið að framangreindur úrskurður verði felldur úr gildi hvað varðar allt land innan eftirtalinna merkja: Á vesturhluta Tvídægru: Upphafspunktur er í Sýrdalsborg. Þaðan er dregin lína norðaustur í Urðarstapa, úr Urðarstapa í Spenatjarnir, þaðan eftir austurbrún Fanngils ofan að merkjasteini á eystri gilbarminum, úr þeim steini sjónhending í hásuður í Háu mela við Litlu-Þverá. Litlu-Þverá er fylgt austur að Hrólfsvatnaskvísl sem er fylgt í vesturenda Hrólfsvatns. Þaðan er lína dregin í norðaustur um smátjarnir við vestanvert Þverárvatn og þaðan milli Breiðavatns og Nautavatns um Staðarhól og að punkti við norðurenda Langavatns. Þaðan er sjónhending í suðurenda Flóavatns sem er á norðurmörkum ágreiningssvæðisins. Þaðan er sjónhending vestur í suðurenda Krókavatns og þaðan ræður Skútagil að Hrútafjarðará. Frá ármótum Skútagils og Hrútafjarðará er lína dregin vestur um Reipgiljaborg að Hæðarsteini og þaðan lína að ármótum Norðurár og Sandkvíslar við suðurenda Holtavörðuvatns. Þaðan ræður Norðurá suður þar til Hellisá rennur í hana, þá ræður Hellisá, svo Hellisgil að upphafspunkti í Sýrdalsborg. Á austurhluta Tvídægru: Upphafspunktur er við vesturenda Hrólfsvatns. Þaðan er

dregin lína í norðaustur um smátjarnir við vestanvert Þverárvatn og þaðan milli Breiðavatns og Nautavatns um Staðarhól og að punkti við norðurenda Langavatns. Þaðan er sjónhending í suðurenda Flóavatns. Þaðan ræður sjónhending austur í Urðhæðavatnslæk og er honum fylgt suður að Nyrðra-Kvíslavatni og úr því í Kvíslavatnslæk sem ræður að Skjaldartjörn. Úr Skjaldartjörn ræður Skjaldtjarnarkvísl í Kjarará og Kjarará að Fiskilæk. Þá ræður Fiskilækur í Vatnshnúkavatn og þaðan norður í Vatnshnúk. Þaðan er vatnaskilum fylgt í Lambadal og eftir Lambadalslæk norðaustur að upphafspunkti í vesturenda Hrólfsvatns. Á Sámsstaðaselli: Upphafspunktur er vestasta Rangárgil við Kjarará. Þaðan norður eftir gílinu í háfjall. Þaðan er vatnaskilum fylgt austur í Vatnshnúk og þaðan suður í Vatnshnúkavatn. Úr Vatnshnúkavatni ræður Fiskilækur (Vatnshnúkslækur) í Kjarará og svo ræður Kjarará suðurmörkum að upphafspunkti við Rangárgil. Á Reykholtsselli: Upphafspunktur er Skjaldmeyjargil við Kjarará. Þaðan norður Skjaldmeyjargil að afréttargirðingu við landamerki jarðarinnar Kvía I. Þaðan er línan dregin austur eftir landamerkjum Kvía I þar til komið er að Einbúa og þaðan áfram austur eftir háсандinum að punkti sem er suður af Olnboga. Þaðan er lína dregin suður í Merkgil (vestasta Rangagil) og eftir gílinu í Kjarará. Kjarará ræður suðurmörkum að upphafspunkti við Skjaldmeyjargil. Krefst áfrýjandi viðurkenningar á því að umrætt landsvæði sé ekki þjóðlenda.

- 4 Til vara krefst áfrýjandi Borgarbyggð þess að áðurgreindur úrskurður óbyggðanefndar verði felldur úr gildi að hluta til og að viðurkennt verði að engar þjóðlendur séu innan þeirra einstöku svæða sem í aðalkröfu greinir. Loks krefjast allir áfrýjendur málskostnaðar fyrir Landsrétti án tillits til gjafsóknar sem þeim hefur verið veitt.
- 5 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.
- 6 Dómarar málsins gangu á vettvang 28. apríl 2021 ásamt lögmönnum aðila og fulltrúum áfrýjenda.

Niðurstaða

- 7 Ágreiningur í máli þessu lýtur að því hvort fimm nánar tilgreind landsvæði, það er Helgavatnsselli, vesturhluti Tvídægru, austurhluti Tvídægru, Sámsstaðaselli og Reykholtsselli, séu innan þjóðlendu eða teljist eignarlönd.
- 8 Áfrýjendur Vilhjálmur og Hans Pétur reisa kröfur sínar um eignarrétt að Helgavatnsselli á ýmsum heimildum, sem að hluta eru raktar í hinum áfrýjaða dómi. Þannig telja þeir að rekja megi staðfestingu á því að landsvæðið sé og hafi verið eignarland allt aftur til jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1709 en þar segir: „Selstöðu á jörðin þar sem heitir Þverárdalur, og er þangað ærið langt til að sækja.“ Landmerkja Helgavatnssells sé getið í lögfestu Ólafs Jónssonar 31. maí 1760, þó ekki sé það með heildstæðum hætti en þar lögfesti hann eignar- og umráðajörð sína Helgavatn í Þverárhlið ásamt Helgavatnsselli á Þverárdal. Lögfestu þessari hafi verið þinglýst án mótmæla á manntalsþingi að Norðurtungu 4. júní sama ár. Í landamerkjabréfi jarðarinnar Helgavatns 1. maí 1889 komi fram að

jörðinni fylgi land á Þverárdal fyrir framan Hermundarstaðaland og sé landamerkjum þess lýst sérstaklega og með heildstæðum hætti. Þá sé fjallað um Helgavatnsselland með öðrum hætti í landamerkjabréfi 10. apríl 1890 fyrir hið sameiginlega afréttarland en gert sé um önnur landsvæði innan afréttarins. Segi þar að jörðin Helgavatn í Þverárhlið eigi land á Þverárdal sem heiti Helgavatnssel innan nánar tilgreindra merkja en það sé eina dæmið um að getið sé sérstaklega um merki einstakra svæða í afréttinum. Þá sé þar talað um eignarrétt jarðarinnar sem sé „háður þeim takmörkum að eigandi þess má aldrei hver sem hann verður setja nýbýli í landið eða taka það í upprekstur“. Sé þetta í samræmi við efni bréfs Sigurðar Þorbjarnarsonar 20. apríl 1889 til oddvita Þverárhliðarhrepps.

- 9 Í hinum áfrýjaða dómi eru raktar þær deilur er spunnust meðal annars af lögfestu Magnúsar Sigurðssonar 16. maí 1848 fyrir Gilsbakkakirkjuland og banni hans á upprekstri á fé og hrossum á „Gilsbakkakirkjuland á Tvídægru“. Munu deilurnar hafa leitt til þess að ábúendur í fjórum sveitum stofnuðu samtök 17. október 1873 til verndar afréttarlandi og fjárrétt sem þeim hafði tilheyrt og í kjölfarið lögfest sér afréttarland innan tiltekinna merkja, sem náði meðal annars til Helgavatnssellands. Framangreindar deilur voru til lykta leiddar með gerð landamerkjabréfs fyrir hinn sameiginlega afrétt 1. apríl 1890.
- 10 Í málinu liggja fyrir tvö bréf 26. mars og 1. apríl 1889, sem skrifuð eru af Hjalmi Péturssyni hreppsstjóra í Þverárhlið til Magnúsar Andréssonar á Gilsbakka en með bréfunum sendi hann uppkast að landamerkjalytingu fyrir hið sameiginlega afréttarland. Í fyrra bréfi Hjalms segir meðal annars: „Einnig hef jeg bætt inni algjörlega Helgavatns ítakinu selför með slæjum, Helgavatns eigendur, munu að vísu eigi hafa nein brjef eða skrif fyrir selför eða neinum eignarrjetti, en hin langa notkun – margra ára óátalið býli, með eptir gjaldi – mun gefa talsverðan rjett, máskje meiri rjett en þetta, eða fullkominn eignarrjett. En jeg íminda mjer samt að þessi viðurkenning, kunní verða nægileg til að koma í veg fyrir ágreining eða gjörðardóm, þó jeg eigi viti það.“ Í síðara bréfinu segir meðal annars: „Einnig er athugandi, viðvíkjandi Helgavatns seli. Eigendur Helgavatns meina sig eiga sellandið – sem talsverðar ástæður eru til – Hreppsnefnd Stafholtstungna vill ekki hafa landið með afrjettar landinu – sjá aths. við dýratollsreikningana – og líklegt er að hreppsnefnd Þverárhli. láti sig þetta litlu skipta.“
- 11 Í bréfi Magnúsar Andréssonar á Gilsbakka til oddvita Þverárhliðar, Norðurárdals og Stafholtstungna 15. nóvember 1889 er fjallað um réttindi einstakra jarða og kirkna til tiltekinna hluta afréttarins og segir þar meðal annars: „Annað vafasamt atriði er það, hvort Reykholtskirkja, Síðumúlakirkja, Hjarðarholtskirkja og jörðin Helgavatn, sem ítök eiga í afrjettarlandið, eiga landið sjálf. [...] Helgavatn hefur, að því er jeg ætla, enginn skrifleg skýrteini fyrir selfararrjetti sínum. En sá rjettur mun um langan tíma hafa verið viðurkenndur. Þetta selland hefur verið brúkað um langan tíma til annars en selfarar, þar sem þar hefur verið byggt býli, og hafðar þar einhverjar skepnur allt

árið. Jeg lít nú svo á, sem einnig slíkri aðferð hafi verið mótmælt með áður nefndu skjali frá 17. okt. 1873 og því geti ekki, að minnsta kosti á hinum síðustu 20 árum, verið komin löghefð á landið undir Helgavatn samkvæmt tilvitnuðum stað í Jónsbók. En hvort það hefur áður verið, veit jeg ekki, og því kannaðist jeg í landamerkjaskránni ekki einungis við selfarar rjett Helgavatns, heldur og að honum fylgdu slægjur.“

- 12 Ekkert liggur fyrir um hvernig eigendur Helgavatns voru upphaflega komnir að rétti sínum til Helgavatnssellands eða hvert inntak þeirra réttinda var. Engar heimildir eru um að landið hafi verið numið í öndverðu en staðhættir, gróðurfar og fjarlægðir mæla því þó ekki í mót að svo hafi verið. Þrátt fyrir að því yrði slegið föstu að landið hefði verið numið í öndverðu sker sú staðreynd ekki ein og sér úr um tilvist beins eignarréttar síðar. Skiptir þar meðal annars máli hvort og með hvaða hætti slíkur eignarréttur hefur flust yfir til síðari rétthafa.
- 13 Í landamerkjabréfi 10. apríl 1890 fyrir hið sameiginlega afréttarland segir meðal annars að jörðin Helgavatn í Þverárlíð eigi land á Þverárdal sem heiti Helgavatnssel innan nánar tilgreindra merkja. Víkur þessi umfjöllun frá því sem segir um réttindi annarra jarða í afréttinum þar sem einvörðungu er getið um óbein eignarréttindi eins og veiðirétt og rétt til selfarar. Virðist mega slá því föstu að ástæðuna sé að rekja til bréfs Sigurðar Þorbjarnarsonar 20. apríl 1889 til oddvita Þverárlíðarhrepps þar sem segir meðal annars: „Af því ég hef frjétt að þú sjért kvaddur á fund að Steinum næstkomandi þriðjudag, og þar muni vera meðal annars tekið til umræðu afrjéttarlögfestumálið þá vil ég hjér með skora á þig að sjá svo fyrir, að land það á Þverárdal sem Helgavatni hefur filgt frá ómunatýð, og Helgavatnsselland er nefnt, verði hjér eptir sem hingað til álitid Helgavatnsland, og þessvegna ekki lögfest sem afrjéttarland með því það er fullkunnugt að land þetta hefur verið af Helgavatns eiganda og ábúanda notað eptir þörfum um mörg ár átölulaust, og nú sýðast undanfarandi nálægt 20 ár verið býgt og ljáð sem afbýli eða húsamenska frá Helgavatni.“
- 14 Með gerð landamerkjabréfs var eiganda ekki unnt að auka einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Breytir þá engu þótt landamerkjabréf sé eða geti verið samningur og að á grundvelli þess verði eignarréttindum að landi ráðstafað enda er ekkert fram komið um að þeir aðilar sem að gerð landamerkjabréfsins 10. apríl 1890 stóðu hafi haft heimildir til að ráðstafa Helgavatnssellandi. Að þessu virtu getur landamerkjabréfið eitt og sér ekki nægt til að sanna beinan eignarrétt að landinu heldur verða önnur atriði að koma til sem stutt geta sömu niðurstöðu.
- 15 Heimildir um Helgavatnsselland eru takmarkaðar. Þannig er fyrst getið um það í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1709 að jörðin Helgavatn eigi selstöðu í Þverárdal. Með lögfestu Ólafs Jónssonar 31. maí 1760 lögfestir hann annars vegar Helgavatn og hins vegar Helgavatnsselland en merkjum sellandsins er þó aðeins lýst að hluta. Í lögfestu felst einhliða yfirlýsing og getur framangreind lögfesta af þeim sökum ekki ein og sér ráðið úrslitum um eignarréttarlega stöðu Helgavatnssellands. Í

hinum áfrýjaða dómi er rakin lögfesta ábúenda í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal, sunnan Norðurár og Sanddalsár en þar segir meðal annars: „Alt það land sem liggur innann hjernefndra Takmarka, „Lögfestum“ vér, og lýsum fullkomna sameiginlega Eign allra bygdra jarða sem liggja í hjeradinu [...]“. Samkvæmt því verður ekki ráðið að þeir bændur sem undir hana rituðu hafi gert nokkurn greinarmun á ætluðu tilkalli sínu til Helgavatnssellands og annarra svæða innan afréttarlandsins. Þá verður ráðið af efni framangreindra bréfa 26. mars, 1. apríl og 15. nóvember 1889 að óvissa hafi verið um eignarréttarlega stöðu svæðisins og þá hvort landið hafi verið undirorpið beinum eignarrétti eiganda Helgavatns, verið afréttareign eða hann aðeins átt þau réttindi sem fólust í selför.

- 16 Að því virtu sem að framan greinir en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.
- 17 Rétt er að málskostnaður fyrir Landsrétti falli niður en um gjafsóknarkostnað áfrýjenda fer samkvæmt því sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Landsrétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjenda, Hans Péturs Diðrikssonar, Vilhjálms Diðrikssonar og Borgarbyggðar, fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málf lutningsþóknun lögmanns þeirra, Stefáns Þórarins Ólafssonar, 1.400.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 31. janúar 2020

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. desember sl., var höfðað með stefnum birtum 26. apríl 2017. Stefnendur eru annars vegar Borgarbyggð, Borgarbraut 14, Borgarbyggð, og hins vegar Vilhjálmur Diðriksson og Hans Pétur Diðriksson, báðir til heimilis að Helgavatni 1, Borgarbyggð.

Stefnandinn Borgarbyggð krefst þess „aðallega að úrskurður óbyggðanefndar frá 11. október 2016, í máli nr. 3/2014: Hvítársíða, Þverárhlið og Norðurárdalur, verði felldur úr gildi að því er varðar þjóðlendur á landsvæði innan eftirtalinna marka:

Á vesturhluta Tvídægru:

Upphafspunktur er í Sýrdalsborg. Þaðan er dregin lína norðaustur í Urðarstapa, úr Urðarstapa í Spenatjarnir, þaðan eftir austurbrún Fanngils ofan að merkjasteini á eystri gilbarminum, úr þeim steini sjónhending í hásuður í Háu mela við Litlu-Þverá. Litlu-Þverá er fylgt austur að Hrólfsvatnaskvísl sem er fylgt í vesturenda Hrólfsvatns. Þaðan er lína dregin í norðaustur um smátjarnir við vestanvert Þverárvatn og þaðan milli Breiðavatns og Nautavatns um Staðarhól og að punkti við norðurenda Langavatns. Þaðan er sjónhending í suðurenda Flóavatns sem er á norðurmörkum ágreiningssvæðisins. Þaðan er sjónhending vestur í suðurenda Krókavatns og þaðan ræður Skútagil að Hrutafjarðará. Frá ármótum Skútagils og Hrutafjarðará er lína dregin

vestur um Reipgiljaborg að Hæðarsteini og þaðan lína að ármótum Norðurár og Sandkvíslar við suðurenda Holtavörðuvatns. Þaðan ræður Norðurá suður þar til Hellisá rennur í hana, þá ræður Hellisá, svo Hellisgil að upphafspunkti í Sýrdalsborg.

Á austurhluta Tvídægru:

Upphafspunktur er við vesturenda Hrólfsvatns. Þaðan er dregin lína í norðaustur um smátjarnir við vestanvert Þverárvatn og þaðan milli Breiðavatns og Nautavatns um Staðarhól og að punkti við norðurenda Langavatns. Þaðan er sjónhending í suðurenda Flóavatns. Þaðan ræður sjónhending austur í Urðhæðavatnslæk og er honum fylgt suður að Nyrðra-Kvíslavatni og úr því í Kvíslavatnslæk sem ræður að Skjaldartjörn. Úr Skjaldartjörn ræður Skjaldtjarnarkvísl í Kjarará og Kjarará að Fiskilæk. Þá ræður Fiskilækur í Vatnshnúkavatn og þaðan norður í Vatnshnúk. Þaðan er vatnaskilum fylgt í Lambadal og eftir Lambadalslæk norðaustur að upphafspunkti í vesturenda Hrólfsvatns.

Á Sámsstaðasellandi:

Upphafspunktur er vestasta Rangárgil við Kjarará. Þaðan norður eftir gilinu í háfjall. Þaðan er vatnaskilum fylgt austur í Vatnshnúk og þaðan suður í Vatnshnúkavatn. Úr Vatnshnúkavatni ræður Fiskilækur (Vatnshnúkslækur) í Kjarará og svo ræður Kjarará suðurmörkum að upphafspunkti við Rangárgil.

Á Reykholtssellandi:

Upphafspunktur er Skjaldmeyjargil við Kjarará. Þaðan norður Skjaldmeyjargil að afréttargirðingu við landamerki jarðarinnar Kvía I. Þaðan er línán dregin austur eftir landamerkjum Kvía I þar til komið er að Einbúa og þaðan áfram austur eftir háсандinum að punkti sem er suður af Olnboga. Þaðan er lína dregin suður í Merkgil (vestasta Rangágil) og eftir gilinu í Kjarará. Kjarará ræður suðurmörkum að upphafspunkti við Skjaldmeyjargil.

Austurhluti Síðumúlaskógar:

Upphafspunktur er Örnólfsdalsá / Kjarará við Myrkhyl. Þaðan er farið norður í afréttargirðingu á mótis við Myrkhyl og eftir girðingunni upp að landamerkjum jarðarinnar Kvía I. Þaðan er línán dregin austur í Skjaldmeyjargil og eftir gilinu í Kjarará. Áin ræður suðurmörkum að upphafspunkti við Myrkhyl.

Stefnandi krefst viðurkenningar á því að innan framangreindra merkja sé engin þjóðlenda.

Til vara krefst stefnandinn Borgarbyggð þess að áðurgreindur úrskurður óbyggðanefndar verði felldur úr gildi að hluta til og að viðurkennt verði að engar þjóðlendur séu innan þeirra einstöku svæða sem í aðalkröfu greinir.“

Stefnandinn krefst þess loks að honum verði dæmdur málskostnaður eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál, en hann fékk gjafsókn í máli þessu með leyfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 4. desember 2019.

Stefnendurnir Hans Pétur Diðriksson og Vilhjálmur Diðriksson krefjast þess að úrskurður óbyggðanefndar frá 11. október 2016, í máli nr. 3/2014: Hvítársíða, Þverárhlið og Norðurárdalur, verði felldur úr gildi að hluta, n.t.t. hvað varðar allt land innan eftirtalinna merkja, og að viðurkennt verði að umrætt landsvæði sé ekki þjóðlenda:

„Að vestanverðu frá Litlu-Þverá ræður lækur uppeftir nyrðri Sýrdal allt upp að þeim punkti sem er í beinni línu á milli vörðu á hæðunum vestur af Sýrdalsvatni yfir í Sýrdalsborg, og þaðan í Urðarstapa, úr

Urðarstapa í Spenatjarnir þaðan eftir austurbrún Fanngils ofan að merkjasteini á Eystri gilbarminum, úr þeim steini sjónhending í hásuður á Háu mela við Þverá, svo ræður Litla-Þverá að sunnanverðu allt að nyrðri Sýrdalslæk.“

Stefnendurnir krefjast þess og að þeim verði dæmdur málskostnaður eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál, en þeir fengu gjafsókn í máli þessu með leyfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 4. desember 2019.

Stefndi, íslenska ríkið, krefst þess að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnenda og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins. Til vara krefst stefndi þess að aðilar beri hver sinn kostnað af málinu.

Dómurinn fór á vettvang 3. september sl., ásamt fulltrúum málsaðila, og skoðaði hið umdeilda landsvæði.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur stefnandinn Hans Pétur Diðriksson og vitnið Ólafur Guðmundsson.

II.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta skal óbyggðanefnd kanna og skera úr um hvaða land teljist til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Með bréfi til fjármálaráðherra, dags. 21. febrúar 2008, tilkynnti nefndin þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar svæði 8, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. tilvitnaðra laga. Var svæði þessu nánar lýst svo að það tæki til sveitarfélaganna Skagafjarðar, Skagastrandar, Skagabyggðar, Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps vestan Blöndu, Húnaþings vestra, Borgarbyggðar (fyrir utan fyrrum Kolbeinsstaðahrepp), Skorradalshrepps, Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar. Nefndin tilkynnti síðan hinn 28. sama mánaðar um þá ákvörðun sína að skipta framangreindu svæði í tvennt og er svæði það sem hér er til umfjöllunar svokallað svæði 8B, eða 8 vestur, sem nær yfir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli. Afmarkast svæði þetta nánar af sveitarfélagamörkum Borgarbyggðar gagnvart austurmörkum fyrrum Kolbeinsstaðahrepps, Dalabyggð, Húnaþingi vestra og Húnavatnshreppi, þar til komið er að jaðri Langjökuls. Að austan afmarkast svæðið af austur- og suðurjaðri Langjökuls þar til komið er að suðausturmörkum Borgarbyggðar. Þaðan er þeim mörkum fylgt þar til kemur að austurmörkum Hvalfjarðarsveitar, sem svo er fylgt til suðvesturs og vesturs að hafi. Að vestanverðu afmarkast svæðið af hafi.

Hinn 10. desember 2013 voru kröfúlýsingar stefnda á svæðinu lagðar fyrir óbyggðanefnd og birti nefndin tilkynningu um meðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt upprætti, í Lögbirtingablaði 18. desember 2013, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd. Stefnendur sendu óbyggðanefnd kröfúlýsingar sínar þar sem kröfum stefnda um þjóðlendu á svæðinu var mótmælt. Var þess krafist að hafnað yrði þjóðlendukröfum stefnda og m.a. krafist viðurkenningar á því að um væri að ræða eignarland viðkomandi. Óbyggðanefnd ákvað að fjalla um svæðið sem kröfugerð stefnda fyrir nefndinni laut að í fimm málum og var mál það sem hér er til umfjöllunar nr. 3/2014. Náði það til Hvítársíðu, Þverárhliðar og Norðurárdals.

Í úrskurði nefndarinnar uppkveðnum 11. október 2016 var niðurstaðan meðal annars sú að þau landsvæði sem tilgreind eru í dómkröfum stefnenda væru þjóðlendur í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og afmörkun eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, þ.e. vesturhluti Tvídæguru, austurhluti Tvídæguru, Sámsstaðaselland, Reykholtsselland, austurhluti Síðumúlaskógar og

Helgavatnsselland. Öll framangreind svæði hafa í seinni tíð verið sameinuð sem upprekstrarland Þverárréttar.

Þá var það einnig niðurstaða óbyggðanefndar að sömu landsvæði væru afréttur jarða í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jarðarinnar Stafholtseyjar, nú í Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Loks úrskurðaði óbyggðanefnd að jörðin Gilsbakki ætti veiðirétt í öllum vötnum og tjörnum á vesturhluta og austurhluta Tvídægru, jörðin Sámsstaðir ætti veiðirétt í Kjarará fyrir landi Sámsstaðasellands og jörðin Síðumúli ætti veiðirétt í Kjarará fyrir landi Reykholtssellands og fyrir landi austurhluta Síðumúlaskógar, allt í samræmi við II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Stefndi, íslenska ríkið, gerði einnig í málinu kröfu um viðurkenningu á þjóðlendu á svokölluðum Lambatungum, milli Lambár og Kjararár austast í afréttinum. Þeirri kröfu var hins vegar hafnað og bein eignarréttindi stefnandans Borgarbyggðar á því svæði þar með viðurkennd.

Afréttarsvæði það sem deilt er um í þessu máli er ofan sveitanna Hvítársíðu, Þverárhlíðar og Norðurárdals, en jarðirnar sem liggja að því eru Gilsbakki, Sámsstaðir, Síðumúli og Örnólfsdalur, sem allar eru í Hvítársíðu, og svo jarðirnar Kvíar og Hermundarstaðir í Þverárhlíð og Krókur, Sveinatunga, Hlíðarland og Fornihvammur í Norðurárdal. Að norðan liggur að stórum hluta til land Óspaksstaða auk upprekstrarlanda Húnaþings vestra eða einstakra jarða innan þess sveitarfélags.

III.

Málsástæður stefnandans Borgarbyggðar

Stefnandi byggir á því að allt land Upprekstrarfélags Þverárréttar, nú stefnandans Borgarbyggðar, innan skráðra merkja sé eignarland í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendu. Sé vísað til landamerkjabréfsins frá 10. apríl 1890 sem grundvallarheimildar um eignarréttinn, en það lýsi eignarlandi upprekstrarfélagsins. Bréfinu hafi verið þinglýst 8. júní 1915 og hafi það ekki sætt athugasemdum fyrr en stefndi hafi hafið málsmeðferð sína fyrir óbyggðanefnd.

Á því sé byggt að það landsvæði sem kröfur stefnandans lúti að hafi í upphafi verið numið þótt ekki séu til heimildir að öllu leyti um það hversu langt landnámið hafi náð inn til landsins. Nefndar séu í Landnámu ár sem markað hafi landnámin á hlið og verði ekki annað ætlað en að landnám annarra landnámsmanna ráði ytri merkjum, svo sem landnámsmanna í Húnaþingi. Þá sé hægt að draga víðtækar ályktanir af máldögum fyrir Gilsbakkakirkju frá 1306, 1397 og 1570, en þar séu vötnin á Tvídægru talin eign kirkjunnar. Bendi það til eignarréttar á landinu eða landgæðum, þ.e. að landið hafi verið numið í öndverðu. Þá hafi Gilsbakkaselland verið afmarkað, en það sé drjúgur hluti þess lands sem nú sé nýtt af upprekstrarfélaginu og innan merkja samkvæmt landamerkjaskránni frá 10. apríl 1890. Fullyrðingar stefnda um að umrætt landsvæði hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti fái ekki staðist þar sem góðar lýsingar Landnámu á landnámi nokkurra aðila nái til drjúgs hluta svæðisins. Séu þá komnar meiri líkur en minni á því að landnámið nái yfir allt svæðið. Ekki sé nokkur innistæða fyrir þeim fullyrðingum stefnda að landið innan lýsingar landamerkjaskrár hafi aðeins verið numið til takmarkaðra nota þótt það leiði af eðli máls að landnot verði minni en ella er fjær dragi býlunum. Hellisdalur hafi verið numinn á fjall upp og allt það svæði sem nú sé Örnólfsdalur, Reykholtsselland og Sámstaðaselland. Einnig hafi öll jörðin Kvíar og svo austurhluti Tvídægru verið numin af landnámsmanninum Örnólfi.

Óbyggðanefnd hafi í úrskurði sínum fjallað um landnámslýsingar og m.a. tiltekið að sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun framangreindra lýsinga verði að telja líklegt að svæðið hafi verið numið að hluta til. Að sama skapi verði sú ályktun dregin að eftir því sem fjær dragi frá byggð og land

hækki sé meiri vafa undirorpið að landsvæðið hafi verið numið. Þó beri að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni sé það mikil að ekki verði fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þeirra, sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Í stað þess að líta svo á að hinar gömlu heimildir um landnám styrki skriflegar þinglesnar heimildir um eignarrétt, bæði landamerkjabréf og lögfestur, hafi óbyggðanefnd farið þá leið að láta stefnda njóta vafans, sem sé andstætt almennum sönnunareglum í íslenskum rétti.

Eignarréttur að landi hafi í upphafi stofnast með landnámi. Landnámsjarðir hafi verið fáar og stórar og smám saman hafi þær skipst upp. Þeim hafi eftir sem áður fylgt upprekstrarland sem aðallega hafi verið nýtt til beitar fyrir búfénað. Kirkjujarðirnar hafi oft eignast landið eða þá að landgæðum hafi verið skipt þannig að staðirnir héldu tilteknum réttindum, svo sem veiði, en jarðir innan sveitar hafi haldið rétti til beitar. Þegar búfjárrækt hafi aukist hafi myndast aukin þörf fyrir beitarland, sem hafi orðið til þess að innansveitarmenn hafi keypt í nafni upprekstrarfélaga, síðar sveitarfélaga, aðliggjandi land til viðbótar eða fengið það með samningum við landeigendur. Lögbýlin hafi haldið réttindum sínum til hins óskipta lands á heiðum uppi enda skíni það í gegnum hinar miklu bréfaskriftir um og upp úr miðri 19. öld vegna eignarhaldsins á deiluvæðinu að ábúendur hafi talið rétt sinn byggjast á fornum rétti bújarðanna til sameignarlandsins. Hafi þeir þó verið tilbúnir til að taka tillit til sérrettinda og eignarhalds ákveðinna jarða, svo sem Gilsbakka og Helgavatns.

Í tilviki stefnanda verður ekki séð að bændur hafi gefið upp fornan rétt sinn til landsins allt frá landnámi en upphaflega hafi það land sem nú sé sameiginlegt afréttarland samkvæmt landamerkjabréfi haft stöðu jarðar en smám saman skipst niður við aukningu byggðar.

Stefnandi byggir á því að landamerkjaskráin frá 10. apríl 1890 sé mikilvægt sönnunargagn um eignarrétt stefnanda á afréttarlandinu enda hafi hún verið gerð eftir langan aðdraganda og undirbúning. Ekki verði annað ráðið af henni en að þeir sem hana rituðu hafi talið sig vera að lýsa eignarlandi og hafi sá skilningur verið staðfestur af þeim eigendum nágrannajarða sem staðfest hafi hana með undirritun sinni. Það styrki líka eignarrétt á landinu að útgefendur skrárinnar telji sig hafa verið þess umkomna að fjalla um og ákveða hverjir ættu selfararétt, veiðirétt o.s.frv. og að það hafi ekki sætt neinum andmælum. Gilsbakkakirkja hafi gefið eftir eignarrétt sinn til upprekstrarfélagsins, eignarrétt sem framan af öldum hafi verið óumdeildur og samkvæmt fornum heimildum talist vera hjá kirkjunni.

Stefnandi bendir á að í greinargerð með lögum um þjóðlendur segi: „Um þá afrétti, sem tilheyra einstökum jörðum eða kirkjum, eða sveitarfélög eða upprekstrarfélög hafa keypt eða með öðrum hætti fengið lögmæta eignarheimild fyrir, er að vísu enginn vafi. Þar á afréttareigandinn afréttarlandið með öllum þess gögnum og gæðum, en má þó ekki með hagnýtingu sinni spilla afréttarnotum annarra, sem þar eiga upprekstrarétt, hvort sem sá réttur byggist á fornri hefð eða löggerningi.“ Sama sjónarmið sé svo lagt til grundvallar í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Stefnandi telji að þessa reglu beri að leggja til grundvallar með hliðsjón af þeim gögnum sem fyrir liggja og styðji eignarrétt hans á kröfuvæðinu, ásamt því að fyrir liggja að Gilsbakkakirkja hafi gefið eftir eignarrétt til upprekstrarfélagsins, eins og áður sé fram komið. Það sama eigi við um Sámstaðasellið.

Af bréfaskiptum sem orðið hafi í framhaldi af deilum milli Gilsbakkaprests annars vegar og upprekstrarfélagsins hins vegar sé ljóst að báðir aðilar hafi haldið fram eignarrétti að landinu. Presturinn hafi hins vegar ekki getað varið landið ágangi og gefið eignarrétt eftir til bændanna en þó haldið eftir rétti til vatna og veiði. Hafi það verið Gilsbakkaprestur sem gert hafi drög að landamerkjaskránni, sem eftir yfirlestur og leiðréttingar hafi svo endanlega verið samþykkt og þinglýst. Hér hafi ekki verið kastað til höndum og ekki hafi verið um einhliða yfirlýsingu að ræða af hálfu landeiganda.

Þau landamerkjabréf sem óbyggðanefnd og dómstólar hafi helst amast við og talið hæpnar heimildir séu landamerkjabréf sem lýsi merkjum til fjalls eða jökla án þess að nokkrar heimildir séu til um hversu langt landið nái eða að um það verði ekki ráðið með öðrum hætti. Um það sé ekki að tefla í þessu tilviki.

Landamerkjabréf geti falið í sér samning, eins og óbyggðanefnd komi inn á í úrskurði sínum, en þegar komi að því að meta gildi landamerkjabréfsins að því er eignarrétt varði segist nefndin ekki geta ráðið með skýrum hætti af landamerkjabréfinu sjálfu hver sé grundvöllur þess eignarréttar sem rétthafar samkvæmt því hafi talið sig vera að tryggja. Hallist nefndin að því að þeir sem að landamerkjabréfinu stöðu hafi ekki litið svo á að það landsvæði sem þar sé afmarkað væri undirorpið beinum eignarrétti þeirra, heldur fremur óbeinum eignarréttindum sem falist hefðu í upprekstrarétti og afréttarnotum. Þessi túlkun nefndarinnar standist ekki að áliti stefnanda. Bæði beri að líta til langrar forsögu um eignarrétt, deilna um eignarrétt og notkunar orðanna eignar og eignarréttar í skjalinu sjálfu, auk ítarlegra skjala í aðdragandanum. Óbyggðanefnd hafi lagt á það áherslu almennt að notkun orðsins afréttur hafi litla þýðingu varðandi sönnunargildi um eignarréttarlega stöðu en í þessu tilviki sé það hins vegar farið að skipta máli. Smávægilegur vafi um það hvernig aðilar samnings líti á eignarréttarlega stöðu sína sé túlkaður þeim í óhag í stað þess að líta á stöðuna í víðara samhengi varðandi sönnunarbyrði. Í málinu geri íslenska ríkið kröfur um þjóðlendu á þeim grundvelli að landið sé ekki háð eignarrétti. Innansveitarmenn, sem nýtt hafi landið mann fram af manni allt frá landnámi og hafi skjallegar heimildir og þinglýstar fyrir eigninni, sem að auki séu studdar gömlum heimildum, fá ekki að njóta smávægilegs vafa. Þegar stefnandi sé með sterk skjallæg gögn sem bendi til eignarréttar ætti sönnunarbyrðin samkvæmt almennum sönnunarreglum réttarfars að vera hjá þeim sem haldi hinu gagnstæða fram.

Samningurinn sem felist í landamerkjabréfinu frá 10. apríl 1890 sé einstæður á landsvísu. Allir sem hugsanlega hafi átt hagsmuna að gæta hafi komið að honum, hann hlotið blessun yfirvalda og honum síðan verið þinglýst. Þessi samningur ætti að njóta sérstöðu og íslenska ríkið að virða hann. Sé hann vart sambærilegur við nokkur önnur gögn sem fram hafi komið í þjóðlendumálum. Í honum sé tekið á öllum framkomnum ágreiningsmálum og leyst úr eignarréttardeilum. Sá sem vilji vefengja efni slíks samnings ætti að hafa sönnunarbyrðina fyrir því að hann sé efnislega rangur. Hann ætti að þurfa að sýna fram á að þeir er samninginn gerðu hafi getað haft í huga að einhver annar ætti eignarrétt að landsvæðinu en þeir sem þar um hafi vélað.

Fyrirliggjandi gögn staðfesti að Gilsbakkakirkja hafi haldið eftir hluta af eignarréttindum sínum á kröfusvæðinu, s.s. veiði, þegar hluti heimalandsins, þ.e. landið norðan Kjararár, hafi verið gefið eftir til upprekstrarfélagsins. Hið sama gildi um land Reykholtskirkju á Kjör. Í því tilviki hafi verið um eins konar sáttgjörð að ræða milli landeigenda, sem staðfest hafi verið með gerð landamerkjabréfs fyrir upprekstrarlandið. Því sé ljóst að ekki sé um það að ræða að eignarréttur hafi fallið niður á þessum hluta heimalands Gilsbakka, norðan Kjararár, eða á því landi Reykholtskirkju sem afhent hafi verið upprekstrarfélaginu samkvæmt framansögðu. Sömu sjónarmið gildi einnig um þau atvik þegar eigandi Gilsbakka hafi selt upprekstrarfélaginu landsvæðið Lambatungur undan eignarjörð sinni.

Það hafi talsverða þýðingu eignarréttarlega séð að Reykholtskirkja hafi byggt Norðtungubónða sel í Reykholtskirkjulandinu, því að hann afsali sér ekki selfararétti í landið heldur fari með það sem eignarland. Hafi þar verið búseta um tíma. Þá sé það vísbending um eignarréttinn að veiði í Kjarará hafi fylgt þessu sellandi.

Það bendi ótvírætt til eignarréttar á sellandi Reykholtskirkju í Kjör að kirkjan hafi samkvæmt lögfestunni frá 16. maí 1685 átt „land allt og það ítakalaust“, en ítök séu jafnan í annars manns eignarlandi. Þá skipti máli að land þetta sé umlukið eignarlöndum, þ.e. Síðumúlasellandi, Örnólfsdal, Kvíum og Sámsstaðasellandi. Þá liggi fyrir að byggingarbréf hafi verið gefið út til Norðtungubónða en aðeins

landeigandi geti gefið út slíkt bréf. Jafnframt hafi Kirkjueignasjóður selt veiðirétt frá landinu til Síðumúlábónða og stafi sá gerningur frá Stjórnarráði Íslands.

Landamerki eignarlands upprekstrarfélagsins, nú stefnandans Borgarbyggðar, séu að öllu leyti óumdeild. Þau samrýmist landamerkjaskrár aðliggjandi jarða og eignarlönd séu nánast á alla vegu. Á Holtavörðuheiðinni og austurhluta Tvídægri liggja land Óspaksstaða á móti landi stefnanda. Aðeins á smákafli frá Króksvatni til Flóavatns hins mikla sé þjóðlenda norðanmegin, en þar nái Húksheiði að merkjum samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2013. Efra-Núpsheiði og Aðalbólsheiði taki svo við, báðar eignarlönd. Það styrki eignarrétt stefnanda að landamerkjum hafi verið lýst á alla vegu og skráin samþykkt af þeim er land hafi átt að afréttinum, en í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar og dómum Hæstaréttar sé gengið út frá því að áritun um samþykki eigenda aðliggjandi jarða, þinglýsing og innfærsla í landamerkjabók auki sönnunargildi landamerkjabréfs.

Á það sé bent að upprekstrarfélagið hafi gert samninga við einstaka landeigendur um skipti á landgæðum, svo sem við eiganda Síðumúla. Þeir sem aðeins eigi upprekstrarrétt geti vart staðið í slíkum samningum. Þá hafi félagið staðið í stappi við eiganda Sámstaða um Sámstaðaselland þótt sellandið hafi fylgt Sámstöðum sem eignarland samkvæmt kaupbréfi fyrir Kalmanstungu og Sámstaði frá 1398. Á fundi sem haldinn hafi verið í Síðumúla 8. apríl 1890 hafi samist svo að eigandi Sámstaða slepti tilkalli til eignar á landi þessu en ætti þar einungis selland og héldi óskertum veiðiréttindum í Kjarará. Hér hafi Sámstaðaeigandinn verið ofurliði borinn af sveitungum sínum, sem hafi viljað fá landið til beitara og þá væntanlega út frá gamalli hefð. Engu að síður hafi hann haldið selstöðurétti og veiðirétti sínum í Kjarará. Megi vel rökstyðja að þar hafi hann haldið hluta af eignarréttindum sínum sé litið til þess að það virðist hafa tíðkast nokkuð að skipta upp eignarréttinum, einn hafi fengið grasnytjar, annar veiði o.s.frv.

Dómur Landsyfrréttar 1896 í máli nr. 11/1896, svokölluðu Hellistungumáli, styrki einnig eignarrétt stefnanda, en dómurinn hafi dæmt upprekstrarfélaginu eignarrétt að Hellistungum. Land þetta sé nú hluti af upprekstrarlandinu og hafi eigendur ekki gert greinarmun á því og öðru landi. Í úrskurði óbyggðanefndar sé gert lítið úr þessum dómi og tekið fram að hann snúist um upprekstrarrétt. Eins og sjá megi af texta dómsins sé greinilega verið að fjalla um eignarrétt og aðeins viðurkenndur réttur Hjarðarholtskirkju til selfarar í land upprekstrarfélagsins en hafnað kröfu Hjarðarholtskirkju um eignarrétt á landi. Báðir aðilar hafi haldið því á lofti að deilan væri um eignarrétt og geti síðari tíma skilgreiningar á hugtökum ekki breytt því.

Ljóst sé af þeirri miklu umfjöllun sem verið hafi um afréttinn á miðri 19. öld að bændur í hreppunum fjórum hafi talið sig hafa unnið eignarrétt fyrir hefð. Lýsi þeir eignarrétti sem byggist á nýtingu þeirra einna á landinu um ómunatíð. Fram komi í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar að dómstólar hafi hafnað því að eignarhefð verði unnin á grundvelli hefðbundinna afréttarnota af landi utan landamerkja jarða. Af hálfu stefnanda sé m.a. byggt á hefðinni, þ.e.a.s. að hann hafi þinglýstar heimildir fyrir landi sem tilteknir bændur hafa einir nýtt á þann veg að um fullkominn eignarrétt sé að ræða.

Svo virðist sem stefndi mismuni landeigendum þegar komi að kröfum um þjóðlendur. Ekki sé gerð krafa um að land Kvía verði lagt undir þjóðlendu þótt stór hluti þess lands sé innan afréttargirðingar. Íslenska ríkið eigi að forðast mismunun þegnanna og eigi jafnframt að hafa samkvæmni í kröfum sínum. Sé landsvæði sem krafa sé gerð í á engan hátt frábrugðið öðru landi við hliðina, sem háð er einkaeignarrétti, séu auknar líkur á að það sama eigi við um kröfulandið. Þetta hefur komið fram í nokkrum hæstaréttarmálum um þjóðlendur og færast sönnunarbýrðin þá yfir á ríkið. Ekki sé nægilegt fyrir ríkið að benda á að Kvíar séu með eina landamerkjaskrá fyrir allt landið en ekki hafi staðið í íslenska ríkinu að skera í sundur þinglýstar jarðir. Þess utan sé upprekstrarfélagið með þinglýsta landamerkjaskrá og land þess umlyki land Kvía.

Jafnframt sé byggt á því að stefnandi, og þá þeir sem að stefnanda standi og forverar þeirra, hafi haft réttmætar væntingar til þess að landsvæði þetta teljist háð beinum eignarrétti, sem hann verði ekki sviptur án bóta. Þá sé vísað til jafnræðisreglu stjórnáskrár og stjórnarskrár um að sambærileg málefni hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna.

Austurhluti Tvídægru hafi verið numinn af landnámsmanninum Örnólfi. Lögfestur, máldagar og vísitasúr beri glögglega með sér að þetta landsvæði hafi verið eignarland Gilsbakka og að hluta til annarra jarða í Hvítársíðu á sínum tíma, enda nái lýsingar til allra þeirra þátta sem eignarréttur nái til. Í reynd megi segja að eignarréttur hafi stofnast fyrir nám á allri Tvídægru en vegna nálægðar Lambatungna við heimajörðina hafi verið auðveldara fyrir Gilsbakkakirkjueigandann að halda á lofti eignarrétti sínum. Allt frá landnámi fram á 19. öld hafi stjórnendur kirkjunnar ekkert gefið eftir varðandi eignarréttinn á Tvídægru, en samkomulag hafi svo náðst milli oddvita hlutaðeigandi þriggja hreppa annars vegar og Gilsbakkaprests hins vegar um að svæðið yrði talið eign upprekstrarfélagsins. Báðir aðilar hefðu haldið stíft fram sínum eignarrétti. Slagur aðila um eignarhald sem endi með samningi leiði ekki til þeirrar niðurstöðu að landið sé ekki undirorpið eignarrétti og því þjóðlenda. Slík röksemdafærsla standist ekki að íslenskum rétti.

Í úrskurði sínum í máli nr. 4/2014 hafi óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að Kalmanstunguland og Arnarvatnsheiði væru eignarlönd og ekki þjóðlenda. Landnám Kalmans hafi verið innar í landinu en land stefnanda og nái til lands allt að jöklum. Í raun sé Arnarvatnsheiðin lítt frábrugðin Tvídægru að stórum hluta en Tvídægra hafi þó það fram yfir að eignarlönd liggja að henni á nær alla vegu. Við mat á því hvort land teljist þjóðlenda eða ekki hafi þetta atriði almennt skipt miklu máli.

Í niðurstöðu óbyggðanefndar komi fram að nefndin hafi í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en hæpið sé að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði dregnar afdráttarlausar ályktanir um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi. Af frásögnum Landnámu á hinu umdeilda svæði verði sú ályktun dregin að ágreiningssvæðið hafi verið numið að hluta til, a.m.k. Hellisdalur á vesturhluta Tvídægru, Örnólfsdalur, hluti Kjararárdals og hluti Lambatungna. Að sama skapi verði sú ályktun dregin að eftir því sem fjær dragi byggð og land hækki sé meiri vafa undirorpið hvort landsvæðið hafi verið numið. Stefnandi telji að óbyggðanefnd hafi við þessa skoðun farið nokkuð knappt í að túlka lýsingar Landnámu.

Stefnandi haldi því fram að í mörgum dómum Hæstaréttar um þjóðlendur sé skerðing eignarréttar of víðtæk og sé andstæð ákvæðum 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þannig séu ekki virtar meira en 100 ára gamlar þinglýstar eignarheimildir sem styðjast við lýsingar sem gengið hafi munnlega mann fram af manni uns skráningarskyldu hafi verið komið á. Í stað þess að hið þinglýsta skjal sé látið gilda sem heimild fyrir eignarrétti, nema sá sem vefengi sýni fram á annað, sé sönnunarbyrðin lögð á þann sem hafi þinglýstu heimildina. Í sumum dómum sé þessu öðruvísi farið og virðist sem samræmis sé ekki gætt er komi að sönnunarkröfum, en rannsóknir á dómum bendi til þess að dómstólar hafi ekki gætt samræmis og jafnræðis varðandi sönnunarkröfur í þjóðlendumálum. Lög um þjóðlendur, sem tekið hafi gildi árið 1998 og hafi átt að taka til eigendalausra svæða á miðhálandi Íslands, ættu ekki að ná til lands sem allir fjórðungsmenn hafi verið samstíga um eignarhald á í meira en öld. Eignaupptaka með stuðningi slíkra laga sé andstæð 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Varakrafa stefnanda byggist á því að taka megi í dómi afstöðu til einstakra landsvæða í úrskurði óbyggðanefndar. Þannig sé t.d. austurhluti Tvídægru sérstakt svæði sem hafi fallið innan varakröfu stefnanda er málið hafi verið til meðferðar hjá óbyggðanefnd, að meðtöldum sellöndunum niður með Kjarará að norðanverðu. Í aðalkröfu felist að viðurkenndir verði allir kröfuliðir en í varakröfu að taka megi til greina einn eða fleiri kröfuliði, enda hafi hvert svæði sína sérstöðu og niðurstaða þá væntanlega mismunandi þegar tekin sé ákvörðun um þjóðlendu.

Austurhluti Tvídægru

Austurhluti Tvídægru hafi þá sérstöðu umfram vesturhlutann að hún hafi verið innan landamerkja Gilsbakka, á henni hafi verið Gilsbakkaselland og síðast en ekki síst falli hún innan lýsingar Landnámu á landnámi Örnólfs: „... er nam Norðtöngu alla á milli Kjarrár ok Þverár.“ Austur-Tvídægra falli innan Hvítisíðingaafréttar enda segi í athugasemdum hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps frá því í október 1989, á bls. 32 í úrskurði: „Merki milli Hvítisíðingaafréttar og Þverhlíðingaafréttar eru tilgreind á hefðbundnum leitamótum, eins og þau hafa verið í manna minnum.“

Sveitarstjórnirnar í Borgarbyggð, Þverárlíðarhreppi og Hvítársíðuhreppi hafi gert með sér samkomulag um lögsögumörk 15. nóvember 1996 og hafi mörkin á Tvídægru verið þessi: „Ræður Litlaþverá frá Hrólfsvatnsvísl að upptökum sínum í tjörn vestan Þverárvatna, og þaðan lína beint í Þverárvötn; þá lína úr Þverárvötnum austast, um Merkjavörðu á Hryggjum (norð)vestan Breiðavatns, þá norðan við Breiðavatn í suðurenda Nautavatns, þaðan í Staðarhól og þá í vesturenda Krókavatna.“ Síðar hafi sveitarfélögin sameinast í eitt, Borgarbyggð, en afmörkunin milli vesturhluta og austurhluta Tvídægru standi. Komi varakrafa til umfjöllunar hjá dóminum ættu síðastgreind mörk að gilda en ekki þau mörk sem óbyggðanefnd hafi ákveðið í úrskurði sínum.

Sámsstaðaselland

Áður en landamerkjabréf fyrir allan afréttinn hafi verið samið hafi legið fyrir að Sámsstaðaselland væri eignarland með ákveðnum merkjum og hefði verið það frá 14. öld. Því til viðbótar hafi sellandið verið sannanlegur hluti landnáms Hrosskels. Við innlimun landsins í afréttarlandið með merkjalýsingu hafi eignarréttarleg staða landsins ekkert breyst heldur hafi Sámsstaðaeigandi gefið eignarréttinn eftir til að halda friðinn við sveitunga sína. Sé einhver hluti lands innan landamerkjalýsingar bréfsins gerður að þjóðlendu vegna óvissu um eignarrétt ætti Sámsstaðasellandið að vera utan þess og vera viðurkennt sem eignarland en ekki þjóðlenda.

Reykholtskirkjuselland

Reykholtskirkjuselland (selland í Kjör) sé land sem óumdeilanlega hafi verið innan landnáms Hrosskels og leigt út af Reykholtskirkju til nýtingar á síðustu öldum. Stefnandi telji að heimildir séu fyrir því að landið hafi verið háð einkaeignarrétti áður en upprekstrarfélagið hafi tekið það yfir.

Austurhluti Síðumúlaskógar

Þessi geiri, sem sé milli Örnólfsdalslands og Skjaldmeyjargils, norðan Kjarrár, hafi verið gerður að þjóðlendu með úrskurði óbyggðanefndar en Borgarbyggð hefði undir rekstri málsins vikið fyrir rétti eiganda Síðumúla og gert viðurkenningarkröfu um eignarrétt að Skjaldmeyjargili þótt landamerkjaskráin hafi lýst merkjum að landi Örnólfsdals. Eigandi Síðumúla geri ekki fyrir dómi sérstaka kröfu um ógildingu þar sem mestallar kröfur hans hafi verið teknar til greina. Stefnandi eigi þó hagsmuna að gæta, a.m.k. sem eigandi óbeins eignarréttar. Krefjist hann ógildingar þess að landsvæði þetta verði gert að þjóðlendu og lítur þannig á að aðild Síðumúlaeiganda sé ekki nauðsynleg með hliðsjón af atvikum öllum.

IV.

Málsástæður stefnendanna Vilhjálms Diðrikssonar og Hans Péturs Diðrikssonar

Stefnendur byggja á því að Helgavatnsselland sé eignarland í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendu o.fl. og hafi það verið svo um aldir, enda fylgi Helgavatnsselið jörðinni Helgavatni samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Helgavatn sem eignarland. Sé þetta og staðfest í lögfestu Ólafs Jónssonar frá 31. maí 1760, sem þinglýst hafi verið án mótmæla hinn 4. júní sama ár og hafi verið ómótmælt síðan. Megi af orðalagi lögfestunnar ráða að Ólafur hafi með henni verið að lögfesta eignarréttindi, enda séu öll landgæði talin upp, auk þess sem landið nái að merkjum annarra jarða að stórum hluta, þ.e. jarðanna Króks í norðvestri, Hermundarstaðalandi í vestri og Kvíum I í suðri. Landsvæðið sé því afmarkað, sem staðfesti enn frekar að engar líkur séu á því að Helgavatnseigandinn hafi í Helgavatnsseli aðeins átt selstöðu í annars

manns landi heldur hafi hann verið að lýsa eigin sellandi, sbr. það að í lýsingu á inntaki eignarréttarins geri hann ekki greinarmun á heimalandi Helgavatns og sellandinu.

Lögfestan kveði ekki með nokkrum hætti á um þrengri not en eðlileg séu á eignarlandi, sbr. það sem fram komi á bls. 74 í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, auk þess sem hún sé gerð áður en svokallaðri nýbýlatilskipan hafi verið komið á árið 1776.

Þá sé í niðurstöðu óbyggðanefndar vegna Helgavatnssellandsins staðfest að merkjum þess sé sérstaklega lýst í framangreindri lögfestu Ólafs Jónssonar þótt þeim sé ekki lýst heildstætt þar. Í úrskurðinum segi jafnframt að lögfesta Ólafs „... þar sem hann lögfestir eignar- og umráðajörð sína ...“ sé elst þeirra heimilda sem lýsi merkjum Helgavatnssellands. Að öðru leyti líti nefndin alfarið fram hjá mikilvægi þessa skjals sem sönnunargagns fyrir því hvernig eignarhaldi á ágreiningssvæðinu hafi verið háttað, þrátt fyrir að hafa viðurkennt í úrskurði sínum að með lögfestingunni hafi Ólafur lögfest eignar- og umráðajörð sína, að lögfestan sé elst heimilda varðandi landið og að lögfestan hafi náð til sellands jarðarinnar. Mótmæli stefnendur þessu áliti nefndarinnar og telji að það geti ekki staðist þar sem lögfesta Ólafs hafi verið skýr hvað það varðaði að hún tæki einnig til ágreiningssvæðisins, þó svo að merkjum þess væri ekki lýst heildstætt. Lögfesta Ólafs sé því lykildagn í málinu sem óbyggðanefnd hafi ekki veitt nægilegan gaum við gerð úrskurðarins. Ekki sé hægt að líta svo á að þar sem merkjum landsins sé ekki lýst heildstætt í lögfestunni verði alfarið litið fram hjá henni sem sönnunargagni um eignarhald á ágreiningssvæðinu, eins og óbyggðanefnd geri, og á grundvelli gagna, sem síðar hafi komið til, sé langsóttum ályktunum beitt til að komast að þeirri niðurstöðu að umrætt svæði sé þjóðlenda.

Óbyggðanefnd vísi í niðurstöðu sinni m.a. til lögfestu 52 ábúenda í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal, sunnan Norðurár og Sanddalsár, frá 17. október árið 1873, sem m.a. hafi náð til hins umdeilda landsvæðis. Af lögfestunni og efni hennar dragi nefndin þá ályktun að þeir sem að lögfestunni hafi staðið hafi litið svo á að þeir hafi getað nýtt Helgavatnssel óátalið til upprekstrar og því hafi eigandi Helgavatns þar einungis farið með takmörkuð eignarréttindi. Stefnendur telji að framangreind ályktun fái ekki staðist. Eðlilegra sé að líta svo á, þegar efni og tilurð lögfestunnar sé metið, að hún sé tilkomin vegna þess að allir ábúendur á svæðinu hafi bundist samtökum til að standa gegn lögfestu frá árinu 1839, sem hefði verið lesin á manntalsþingi vorið áður að undirlagi E. Th. Jónssonar sýslumanns, þá ábúanda Hjarðarholts. Hafi ábúendur þurft að bregðast hratt við og því komið sér saman um að lýsa og lögfesta sameiginlegan eignarrétt sinn á svæðinu til að mótmæla lögfestu sýslumannsins þar sem styrkur fælist í fjöldanum í baráttu þeirra gegn lærðum manni. Um framangreindan vilja og ásetning ábúendanna vísist til bréfs þeirra, dags. sama dag og lögfestan sjálf, þar sem skýrt komi fram vilji ábúenda til að standa saman gegn ágangi og ásælni annarra manna í eignar- og nýtingarrétt á afréttinum. Þá bendi stefnendur á að fram komi í lögfestunni að á ágreiningssvæðinu sé lýst fullkomnum sameiginlegum eignar- og óðalsrétti, sem byggður sé á „ómunatíðar óátaldri notkun“ ábúenda þeirra. Þótt lögfestan hafi þannig með ákveðnum hætti takmarkað nýtingarmöguleika ábúendanna á svæðinu hafi sú takmörkun ekki verið einskorðuð við Helgavatnssellandið heldur hafi allir ábúendur gengist undir sömu takmarkanir á nýtingarrétti sínum. Eigandi Helgavatns hafi því með undirritun sinni undir lögfestuna ekki verið að gangast undir neina skerðingu á eignarrétti sínum umfram það sem aðrir ábúendur á svæðinu hafi undirgengist og því verði ekki á grundvelli hennar ályktað um eignarhald á ágreiningssvæðinu með þeim hætti sem óbyggðanefnd geri í úrskurði sínum.

Stefnendur vísa til þess að í landamerkjabréfi Helgavatns, dags. 1. maí 1889, segi m.a.: „Einnig fylgir Helgavatni land [...] og eru landamerki þar þannig: [...]“ Ljóst megi vera að í landamerkjabréfinu sé verið að lýsa eignarlandi þar sem landamerki sellandsins samkvæmt bréfinu séu samþykkt af eigendum nágrennajarða, ýmist með undirritun eða handsali. Þá telji stefnendur einnig að það staðfesti eignarréttinn að á Helgavatnsseli hafi um hríð verið búskapur, eða um 25 ára skeið frá árinu 1861-1886. Landamerkjabréfið hafi verið samið skömmu eftir að búskap í selinu lauk og þannig sé ekki hægt að halda

því fram að með landamerkjabréfinu hafi Helgavatnseigandinn verið að búa til eignarland sem ekki hafi verið til áður heldur hafi bréfið aðeins verið gert til að staðfesta gildandi rétt hans til landsins.

Í úrskurði óbyggðanefndar sé vísað til þess að lögfestan frá árinu 1873 sé undirrituð af eiganda Helgavatns. Síðan segi í úrskurðinum: „Um 16 ár liðu svo þar til sami maður útbjó landamerkjabréf jarðarinnar sem er frá 1889 þar sem segir: „Eirnenn lögfeste Eg [...]“ Ári síðar var svo sameiginlega landamerkjabréfið gert, enn með aðkomu sama aðila, eiganda Helgavatns, þar sem aftur á móti er gert ráð fyrir takmörkuðum réttindum jarðarinnar á hinu umdeilda svæði.“ Þarna telji stefnendur að óbyggðanefnd hafi gert mistök sem hafi haft áhrif á niðurstöðu málsins fyrir nefndinni. Texti sá sem nefndin vísi þarna til sé ekki úr landamerkjabréfi frá 1889 heldur sé hann úr lögfestu Ólafs Jónssonar frá árinu 1760, eins og sjá megi í gögnum málsins. Þessi villa leiði til þess að nefndin dragi rangar ályktanir af landamerkjabréfinu og út frá aðkomu eiganda Helgavatns að gerð þess, en nefndin komist þannig að orði, eins og áður segi, að í landamerkjabréfinu sé aftur á móti, og þvert ofan í lögfestu frá 1873, gert ráð fyrir takmörkuðum réttindum jarðarinnar á hinu umdeilda svæði. Hið rétta sé að í landamerkjabréfinu frá 1889 sé aðeins vísað til landamerkja Helgavatnssels en ekkert komi þar hins vegar fram um hvaða réttindi eigandi svæðisins telji sig eiga yfir því og því telji stefnendur að lögfestan frá 1873 og landamerkjabréfið frá 1889 gangi ekki gegn hvort öðru, eins og nefndin lýsi í niðurstöðum sínum, heldur megi lesa þessi tvö skjöl saman. Nokkru áður í úrskurðinum komi þó réttilega fram að landamerkjum Helgavatnssels sé lýst sérstaklega og með heildstæðum hætti í umræddu landamerkjabréfi.

Á grundvelli framangreindra mistaka sé síðan dregin eftirfarandi ályktun í úrskurðinum: „Þá birtist vafinn um eignarréttarlegt tilkall eiganda Helgavatns til svæðisins ekki síst í því hversu misvísandi afstaða birtist í aðgerðum þáverandi eiganda Helgavatns á síðari hluta 19. aldar, en hann á aðild að lögfestunni 1873, gerði sjálfur landamerkjabréf 1889 og áritaði loks athugasemdalaust undir sameiginlega landamerkjabréfið 1890. Af þessu verður dregin sú ályktun að óvissa hafi verið uppi um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins [...]“ Stefnendur telji í ljósi þeirra mistaka í úrskurðinum sem að framan greinir að þessi ályktun óbyggðanefndar fái ekki staðist með hliðsjón af eftirtöldum atriðum: Í fyrsta lagi sé röng sú grundvallarforsenda nefndarinnar að texti sá sem vitnað sé til og sé úr lögfestunni frá 1760 lýsi takmörkuðum réttindum eiganda Helgavatns að hinu umdeilda svæði. Hið rétta sé að í lögfestunni sé lýst eign og umráðum yfir svæðinu sem og afnotarétti af ökrum, töðum, engjum, skógum, vötnum, veiðistöðum og öllum landsnyttjum. Í öðru lagi hafi þáverandi eigandi Helgavatns verið samkvæmur sjálfum sér í gerð allra þeirra skjala sem hann hafi komið að. Þannig séu lögfestan frá 1873 og landamerkjabréf frá 1889 og 1890 samrýmanleg hvað efni þeirra varði en alls ekki misvísandi, eins og nefndin haldi fram á grundvelli mistakanna. Telji stefnendur að umrædd ályktun falli þar með um sjálfa sig og að ekki verði á henni byggt við úrlausn málsins. Hljóti umrædd mistök því að draga úr gildi úrskurðarins í heild sinni.

Þá telji stefnendur að ætla verði að Helgavatnssellandið hafi verið undirorpið eignarrétti allt frá landnámsöld þar sem landnám hafi undantekningarlaust náð á fjöll upp. Þannig hafi því verið háttað í Hvítársíðu og ætla verði að sama hafi gilt um Þverárhlið.

Stefnendur bendi á að landamerkjalyfingun í þinglýstu og áður nefndu landamerkjabréfi frá árinu 1890, sem sé í grunninn samin af Magnúsi Andrésyni á Gilsbakka, sem hafi ekki verið vel kunnugur á svæðinu, sé þannig einungis staðfesting á eldri eignarheimild. Því verði að líta á sellandið sem eignarland. Fái þetta stuðning í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, þar sem fram komi að landamerkjabréf ein og sér geti ekki talist nægjanleg eignarheimild en fái landamerkjalyfing stuðning í eldri gögnum séu líkur á að um eignarland sé að ræða. Þá komi þar jafnframt fram að líkur séu á því að land, sem samkvæmt fyrirleggjandi heimildum sé eða hafi verið jörð, sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvíli því á þeim sem haldi öðru fram. Hafi þessar niðurstöður og verið staðfestar í dómum Hæstaréttar.

Vegna framangreinds mótmæli stefnendur því sem fram komi í úrskurði óbyggðanefndar að ætlunin með landamerkjabréfinu frá 1890 hafi verið sú að tilteknir aðilar, þ. á m. eigandi Helgavatns, gæfu eftir tilkall til ætlaðs eignarréttar á því landi sem landamerkjabréfið nái til. Telji stefnendur að orðanotkunin í landamerkjabréfinu hvað varði ágreiningssvæðið, þ.e. annars vegar „[j]örðin Helgavatn í Þverárhlíð á land á Þverárdal“ og hins vegar „[e]ignarrjetturinn [yfir landi þessu] er háður þeim takmörkunum að eigandi þess“, bendi til þess að Helgavatnseigandinn hafi einfaldlega samþykkt það gagnvart sveitungum sínum að hann myndi hvorki setja nýbýli í landið, en búskapur hefði þá nýlega verið á landinu um 25 ára skeið allt til ársins 1886, né taka landið til upprekstrar, heldur leggja það til sameiginlegs upprekstrar ábúenda í sveitinni. Ekki sé kveðið á um neinar aðrar takmarkanir á eignarrétti hans í bréfinu um leið og eignarréttur hans, en ekki afnotaréttur, sé staðfestur í því.

Stefnendur bendi á að landamerkjabréf geti falið í sér samning eins og fram komi í úrskurði óbyggðanefndar. Hins vegar sé því mótmælt sem fram komi í úrskurðinum að nefndin telji sig ekki geta ráðið með skýrum hætti af landamerkjabréfinu sjálfu hver sé grundvöllur þess eignarréttar sem réttthafar samkvæmt því hafi talið sig vera að tryggja þegar kæmi að því að meta gildi landamerkjabréfsins frá 1890 að því er varðaði eignarrétt yfir Helgavatnsseli. Í úrskurðinum sé hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að þeir sem að landamerkjabréfinu hafi staðið hafi ekki litið svo á að það landsvæði sem þar sé afmarkað væri undirorpið beinum eignarrétti þeirra, heldur fremur óbeinum eignarrétti, sem hafi falist í upprekstrarrétti og afréttarnotum. Standist þessi túlkun ekki að áliti stefnenda. Bæði beri að líta til langrar forsögu um eignarrétt, deilna um eignarrétt og notkun sagnarinnar „að eiga“ auk orðanna „eigandi“ og „eignarrétturinn“ í skjalinu sjálfu, sem og ítarlegra skjala sem gerð hafi verið á undan umræddu landamerkjabréfi. Stefnendur telji sig því hafa lagt fram með stefnu þessari sterk skjallag gögn sem bendi til eignarréttar og telji þeir því að sönnunarbyrði ætti samkvæmt almennum sönnunarreglum að vera hjá þeim sem haldi hinu gagnstæða fram. Hins vegar virðist sönnunarbyrði hafa verið snúið við í niðurstöðu óbyggðanefndar.

Á því sé byggt að engu eigi að breyta fyrir lögmætt eignarhald Helgavatnssellandsins að það sé aðskilið frá heimalandi Helgavatns. Hafi þannig aðskilið land verið dæmt eignarland af Hæstarétti þótt kallað hafi verið afréttur, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 6/2003 varðandi Stórhöfða í Mýrdal. Sé í því sambandi á það bent að við mat á því hvort umdeilt land þeirra sé þjóðlenda eða ekki hljóti að hafa þýðingu að land sem viðurkennt hafi verið sem eignarland liggi að landi þeirra á a.m.k. þrjár hliðar, þ.e. land Króks, Kvía eða Hermundarstaða. Fáí stefnendur ekki séð að framangreind eignarlönd séu í einhverju frábrugðin landi þeirra.

Af hálfu stefnda hafi verið fullyrt að ekki hafi annað verið í ljós leitt en að sellandið hafi verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota og ef það hafi verið numið í öndverðu hafi það einungis verið til takmarkaðra nota, þó svo að þar hafi á stuttu tímabili á 19. öld verið reynd búseta. Hér sé ekki gætt þeirrar hlutlægni sem ætla verði að íslenska ríkið ætti að hafa í heiðri við ákvarðanatöku um eignarrétt einstaklinga. Fátítt sé að til séu eldri heimildir um eignarhald á jörðum en frá þeim tíma þegar skrásetning landamerkjabréfa hófst í kjölfar landamerkjaganna nr. 5/1882. Í tilviki Helgavatns sé hins vegar til lögfesta frá 1760, auk afdráttarlausrar lýsingar í Landnámu um landnám í Þverárdal, en þar segi: „Hrómundur hét bróðir Gríms hins háleyska, son Þóris Gunnlaugssonar, Hrólfssonar, Ketilssonar kjölfara. Hrómundur kom skipi sínu í Hvítá; hann nam Þverárdal og Þverárhlíð ofan til Hallarmúla og fram til Þverár ...“ Þá séu jafnframt til skráðar upplýsingar um búsetu á sellandinu í allnokkur ár. Hafi þar ekki verið um að ræða búsetu landtökufólks heldur búsetu með fullu leyfi og fyrir tilstilli eigenda Helgavatns.

Stefnendur bendi jafnframt á að þó svo að landið hafi verið kallað selland þá hafi það ekki verið samafnotaafreittur heldur hafi verið um land að ræða sem nota hafi mátt til búskapar. Hafi það verið nýtt til selfarar um aldir og jafnframt sem heimaafreittur Helgavatns uns það hafi orðið hluti af upprekstrarlandi, en eignarréttur Helgavatns að landinu sé viðurkenndur af upprekstrarfélaginu. Jafnframt sé bent á það að

heimildarskjöllum stefnenda fyrir Helgavatni ásamt sellandi hafi verið þinglýst athugasemdalaust. Eigendur Helgavatns á hverjum tíma hafi því haft réttmætar ástæður til að ætla að allt land jarðarinnar væri undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og hafi bæði dómur sem gengið hafi og aðgerðir stjórnvalda styrkt þá í þeirri trú.

Stefnendur halda því fram að í sumum dómum Hæstaréttar um þjóðlendur sé skerðing eignarréttar of víðtæk og sé andstæð ákvæðum 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þannig séu ekki virtar sem eignarheimildir meira en 100 ára gamlar þinglýstar heimildir sem styðjist við lýsingar sem gengið hafi munnlega mann fram af manni uns skráningarskyldu hafi verið komið á. Í stað þess að hið þinglýsta skjal sé látið gilda sem heimild fyrir eignarrétti, nema sá sem vefengi sýni fram á annað, sé sönnunarbyrðin lögð á þann sem hafi þinglýstu heimildina. Í öðrum dómum sé þessu öðruvísi farið og virðist sem samræmis sé ekki gætt er komi að sönnunarkröfum, en rannsóknir á dómum bendi til að rétturinn hafi ekki gætt samræmis og jafnræðis varðandi sönnunarkröfur í þjóðlendumálum.

Hvernig sem eignarrétti hafi annars verið varið fyrir á öldum bendi stefnendur á að þeir hafi unnið eignarrétt á sellandinu fyrir hefð. Þeir og forverar þeirra hafi í árhundruð notað einir þetta land og einungis heimilað öðrum afnot af því með sérstöku leyfi, auk þess sem þeir einir hafi getað ráðstafað því til ábúðar eða búsetu. Uppfyllt séu því skilyrðin um óslitið eignarhald í a.m.k. 20 ár, sbr. 1. mgr. 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905, og hafi þau þegar verið uppfyllt þegar landamerkjaskránni hafi verið þinglýst á árinu 1923. Þessu til stuðnings sé bent á niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 80/1938 þar sem hefð hafi verið viðurkennd á landi sem hefðandinn hefði nýtt einn í meira en 20 ár, þrátt fyrir óvissu um eignarrétt fyrir þann tíma, þar sem ekki hefði verið víst að sá sem seldi hefðandanum land hefði átt hina umdeildu landspildu. Við það megi bæta að land það sem dómurinn fjallaði um hafi ekki legið að heimalandi jarðarinnar.

V.

Málsástæður stefnda

Stefndi byggir á því að umþrætt landsvæði, vesturhluti Tvídægru, austurhluti Tvídægru, Sámsstaðaselland, Reykholtsselland, austurhluti Síðumúlaskógar og Helgavatnsselland, sé svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlenda í skilningi 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998 og í samræmi við úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 3/2014. Að mati stefnda sé fullljóst af heimildum að svæðið, hvort sem er í heild sinni eða einstakir hlutar þess, hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og að nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti. Hvíli það ótvírætt á stefnendum að sýna fram á og sanna stofnun og tilvist beins eignarréttar á landsvæðinu, en slík sönnun hafi ekki tekist að mati stefnda.

Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 3/2014 sé byggður á umfangsmikilli upplýsingaöflun og rannsóknum nefndarinnar, kerfisbundinni leit hennar að gögnum, framlögðum skjölum málsaðila, sem og skýrslum sem gefnar hafi verið fyrir nefndinni. Geri stefndi forsendur og niðurstöðu óbyggðanefndar að málsástæðum sínum til stuðnings sýknukröfu. Stefndi taki og fram að ekki sé ágreiningur milli málsaðila um afmörkun þrætusvæðisins, hvorki í heild sinni né um afmörkun einstakra svæða innan þess.

Stefndi bendir á að engar afdráttarlausar ályktanir verði dregnar af takmörkuðum frásögnum Landnámu um landnám á umræddu svæði og eftir því sem fjær dragi byggð og land hækki aukist vafi um hvort land hafi verið numið. Í úrskurði óbyggðanefndar sé komist að þeirri niðurstöðu að hluti þess svæðis sem hér sé um deilt hafi verið numið í öndverðu og sé þá vísað til Hellisdals á vesturhluta Tvídægru, Örnólfsdals og hluta Kjararárdals. Varðandi Helgavatnsselland sé tiltekið að staðhættir og fjarlægðir mæli því ekki í mót að svæðið hafi verið numið. Stefndi vilji hins vegar sérstaklega áréttta að jafnvel þótt lagt verði til grundvallar að einstök svæði hafi verið numin í öndverðu skeri það eitt og sér ekki með afdráttarlausum hætti úr um tilvist beins eignarréttar síðar. Þannig geti aðstæður verið á þann veg að ekkert liggi fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem til kunnir að hafa stofnast á landsvæðinu með námi. Hinn beini eignarréttur að svæðinu hafi því fallið niður og landið í kjölfarið tekið til annarra takmarkaðra

nota. Jafnframt skuli á það bent að í dómum Hæstaréttar hafi nokkrum sinnum verið lagt til grundvallar að landnám í öndverðu hafi ekki verið bundið við það að beinn eignarréttur hefði stofnast heldur hefði land jafnframt verið numið til afnota, þannig að óbein eignarréttindi hefðu stofnast í öndverðu. Megi hér m.a. vísa til dóms réttarins í málinu nr. 656/2012 um Möðruvallaafrétt.

Vesturhluti Tvídægru ásamt Hellistungum

Í úrskurði óbyggðanefndar sé fjallað um þær rituðu heimildir sem liggja fyrir um vesturhluta Tvídægru ásamt Hellistungum, allt frá máldaga 1306 og fram á miðja 19. öld. Í öllum þessum rituðu heimildum sé svæðisins getið í tengslum við takmarkaða nýtingu jarða á því, einkum með veiði og upprekstri. Að mati stefnda bendi þessar heimildir skýrt til þess að svæðið hafi ekki verið undirorpið beinum eignarrétti, hvorki jarða né kirknanna að Hjarðarholti eða Gilsbakka. Einnig megi ráða að svæðið hafi frá fornu fari verið afréttarsvæði viðkomandi hreppa.

Í úrskurði óbyggðanefndar sé og lýst aðdraganda þess að hinn 10. apríl 1890 hafi verið gert landamerkjabréf fyrir hið sameiginlega afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhlíðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, auk jarðarinnar Stafholtseyjar. Tilurð þessa megi m.a. rekja allt til miðrar 19. aldar vegna deilna milli ábúenda jarða í þessum hreppum og prestsins að Gilsbakka, sem einkum varði austurhluta Tvídægru. Enn fremur hafi verið uppi deilur milli ábúendanna og umráðamanna Hjarðarholtskirkju, en hinn 23. maí 1873 hafi Vigfús Ólafsson látið lesa upp lögfestu fyrir Hjarðarholtskirkju þar sem hann hafi m.a. lögfest Hellistungur. Þessar deilur hafi m.a. leitt til þess að alls 52 ábúendur í hreppunum hafi stofnað með sér samtök 17. október 1873 og mótmælt áður nefndri lögfestu Vigfúsar. Í framhaldi af því hafi þeir lögfest sér afréttarland, innan tilgreindra merkja, sem náð hafi yfir alla Tvídægru ásamt Hellistungum, Helgavatnssellandi, Sámsstaðasellandi, Reykholtssellandi og hluta Síðumúlasellands. Hafi lögfestan verið þinglesin alls fjórum sinnum á árinu 1874.

Landamerkjabréf fyrir hið sameiginlega afréttarland, sem lögfestan frá 1873 hafi tekið til, hafi svo verið gert 10. apríl 1890. Með gerð þess hafi deilur ábúendanna við umráðamann Gilsbakka verið leiddar til lykta en umráðamaður Hjarðarholts hafi neitað að skrifa undir bréfið. Í úrskurði óbyggðanefndar sé getið dómsmáls vegna Hellistungna, sem endað hafi með dómi Landsyfirréttar 12. október 1896, í málinu nr. 11/1896. Með þeim dómi hafi eignarréttartilkalli Hjarðarholtskirkju til Hellnistungna verið hafnað og dæmt að svæðið væri eign upprekstrarfélagsins, fyrst og fremst á þeim grundvelli að svæðið hefði frá ómunatíð verið notað af upprekstrarfélaginu til upprekstrar, sbr. 26. kafla landleigubálks Jónsbókar.

Stefndi sé sammála meginniðurstöðum óbyggðanefndar, annars vegar hvað það varði að þeir 52 ábúendur sem staðið hafi að gerð lögfestunnar 1873 hafi litið svo á að þeir gætu nýtt allt afréttarsvæðið óátalið til upprekstrar, en að tilteknir aðilar aðrir ættu þar önnur takmörkuð réttindi, og hins vegar hvað það varði að fram til þess tíma sem nefnd lögfesta hafi verið gerð verði ekki fullyrt með vissu hver eignarréttarleg staða svæðisins hafi verið, en að leggja verði til grundvallar að ábúendurnir sjálfir hafi litið svo á að svæðið væri hvorki undirorpið beinum eignarrétti jarðanna Hjarðarholts eða Gilsbakka né annarra aðila. Byggi stefndi á því að tilgangurinn með gerð landamerkjabréfsins 1890 hafi verið sá að þeir eigendur jarða og umboðsmenn þeirra hreppa sem að því stóðu hafi ætlað að ná utan um þetta sameiginlega afréttarland og verði af bréfinu ráðið að þeir sem það gerðu hafi ekki litið svo á að landið væri undirorpið beinum eignarrétti þeirra.

Austurhluti Tvídægru

Í úrskurði óbyggðanefndar séu raktar ritaðar heimildir er varði austurhluta Tvídægru, en þær elstu séu máldagar Gilsbakkakirkju frá 14.-18. öld og vísitásiur á 17.-18. öld. Þar sé einnig getið um merkjalýsingu samkvæmt lögfestu Hjartar Jónssonar fyrir Gilsbakka frá 9. maí 1808, þar sem merkjum sé lýst heildstætt og án aðgreiningar frá Gilsbakka, Lambatungum eða austurhluta Tvídægru og lögfestu Magnúsar

Sigurðssonar fyrir Gilsbakkakirkjulandi frá 16. maí 1848, þar sem merkjum sé lýst heildstætt á sama hátt og í fyrri lögfestu. Þær rituðu heimildir sem raktar séu í úrskurði Óbyggðanefndar geti svæðisins í tengslum við takmarkaða nýtingu jarða á því, einkum veiði og upprekstur. Að mati stefnda bendi þessar heimildir skýrt til þess að svæðið hafi ekki verið undirorpið beinum eignarrétti.

Hinn 16. maí 1849 hafi verið lesið upp bann kirkjunnar við hrossaupprekstri í Gilsbakkakirkjuland á Tvídægru. Segja má að með því banni og mótmælum hreppstjóra Hvítársíðu-, Þverárhliðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa við banninu, með bréfi, dags. 29. desember 1849, hafi farið af stað atburðarás sem ekki hafi endað fyrir en með gerð áðurnefnds landamerkjabréfs 10. apríl 1890 fyrir hið sameiginlega afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhliðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, auk jarðarinnar Stafholtseyjar.

Svo sem áður sé fram komið í umfjöllun um vesturhluta Tvídægru hafi deilur þessar og aðrar deilur meðal annars leitt til þess að alls 52 ábúendur í hreppunum hafi stofnað með sér samtök 17. október 1873 og þeir í kjölfarið lögfest sér afréttarland innan tilgeindra merkja, sem náð hafi yfir alla Tvídægru ásamt Hellistungum, Helgavatnsselland, Sámsstaðaselland, Reykholtsselland og hluta Síðumúlasellands. Verði ekki annað ráðið en að þeir sem að mótmælum hafi staðið gegn banni kirkjunnar og að gerð lögfestunnar 1874 hafi litið svo á að umrætt svæði, austurhluti Tvídægru, væri ekki undirorpið beinum eignarrétti, hvorki Gilsbakkakirkju né annarra. Megi og vísa til þess að eigandi Gilsbakka hafi verið einn af þeim sem staðið hafi að gerð landamerkjabréfsins og að hann sjálfur hefði haft efasemdir um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Sámsstaðaselland

Elstu heimildir um Sámsstaðaselland séu, auk kaupbréfs vegna sölu á Kalmanstungu 1398, máldagar Gilsbakkakirkju allt frá árinu 1306 og vísitásiur kirkjunnar allt frá 1643. Sé í þessum heimildum getið svæðisins í tengslum við óbein eignarréttindi. Í úrskurði Óbyggðanefndar sé bent á að lýsing á merkjum Sámsstaða og sellandsins í áðurnefndu kaupbréfi vegna sölu á Kalmanstungu 1398 sé ekki í samræmi við þær lýsingar sem fram komi í yngri heimildum, annaðhvort vegna óvissu eiganda Sámsstaða um merkin eða vegna þess að ætlun hans hafi verið að leggja jörðinni til meira land en hún ætti í raun og veru. Í öðrum heimildum sem getið sé í úrskurðinum, þ.e. vitnisburðum frá 16. og 17. öld og Jarðabók Árna og Páls frá 1709, sé svæðisins getið í tengslum við selstöðu.

Þá sé hér vísað til fyrri umfjöllunar varðandi gerð lögfestunnar á árinu 1873, sem meðal annars hafi náð yfir Sámsstaðasellandið. Hafi lögfestu þessari ekki verið mótmælt af hálfu eiganda Sámsstaða.

Í úrskurði Óbyggðanefndar sé getið bréfa Hjálmars Péturssonar hreppstjóra til Magnúsar Andréssonar á Gilsbakka 1889 og bréfs Magnúsar til oddvita Þverárhliðar, Norðurárdals og Stafholtstungna sama ár, er rituð voru í aðdraganda að gerð landamerkjabréfsins fyrir afréttarsvæðið 1890. Samkvæmt þessum bréfum er ljóst að á þessum tíma og áratuginu þar á undan, allt aftur til aldamótanna 1800, hafi verið uppi efasemdir innan héraðsins um það hvort jörðin Sámsstaðir ætti Sámsstaðasellandið fullkomnum eignarrétti og jafnvel hvort jörðinni tilheyrði yfir höfuð nokkur annar réttur en hefðbundinn upprekstraréttur og þar með ekki réttur til selfarar. Hafi deilum ábúendanna við eiganda Gilsbakka lokið með gerð landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland 10. apríl 1890, en af bréfinu verði ráðið að þeir sem það gerðu hafi ekki litið svo á að landið væri undirorpið beinum eignarrétti þeirra. Megi í þessu sambandi nefna að eigandi Sámsstaða hafi verið einn af þeim sem stóðu að gerð landamerkjabréfsins og hafi hann undirritað það athugasemdalaust.

Sú óvissa og efasemdir um eignarréttarlega stöðu svæðisins birtist og glöggt í texta sem fram komi í landamerkjabréfi sem eigandi Sámsstaða hafi gert fyrir jörð sína, dags. 1. maí 1890, en þar segi: „Í

kaupbrjefi fyrir Kalmannstungu og Sámsstöðum frá 1398, er talið, að Sámsstaðir eigi land fyrir ofan Kjarrará, og tilgreind landamerki. En á fundi sem haldin var í Síðumúla 8. apríl 1890, samdist svo að Sámsstaðir slepptu tilkalli til eignar á landi þessu, en ættu þar einungis selland, og hjeldu óskertum veiðirjettinum í Kjarrará.“

Reykholtsselland

Fjölmargar ritaðar heimildir geti um það að kirkjunni í Reykholti hafi tilheyrt viss réttindi í Reykholtssellandi, sú elsta sé máldagi frá árinu 1185. Hins vegar sé ekki ljóst hvernig kirkjan hafi verið komin að þessum réttindum í upphafi en ekki sé landfræðilegum tengslum fyrir að fara. Í þeim fjölda ritaðra heimilda sem fyrir liggja, máldögum, vísitasíum, vitnisburðum, lögfestum o.fl., allt fram á 19. öld, komi iðulega fram að kirkjan telji til tilgreindra réttinda á svæðinu, selstöðu og veiðiréttar. Bendi engin þessara heimilda til þess að svæðið hafi á þessum tíma verið undirorpið beinum eignarrétti, hvorki kirkjunnar í Reykholti né annarra.

Svo sem áður segi hafi alls 52 ábúendur í hreppunum stofnað með sér samtök 17. október 1873 og lögfest sér afréttarland, innan tilgreindra merkja, sem náð hafi yfir alla Tvídæguru, Hellistungur, Helgavatnsselland, Sámsstaðaselland, Reykholtsselland og hluta Síðumúlasellands. Einnig sé vísað til þess að í fyrrgreindum bréfum Hjálmars Péturssonar hreppstjóra til Magnúsar Andrésssonar á Gilsbakka árið 1889 og bréfi Magnúsar til oddvita Þverárhliðar, Norðurárdals og Stafholtstungna árið 1889 hafi meðal annars verið fjallað um réttindi Reykholtskirkju í sellandinu og hafi umfjöllunin verið á þann veg að ljóst megi vera að ekki sé þar verið að fjalla um meint bein eignarréttindi kirkjunnar heldur lúti vangaveltur þeirra að nánara inntaki óbeinna réttinda hennar. Þá sé á það bent að hvorki lögfestunni 1873 né landamerkjabréfinu 1890 hafi verið sérstaklega mótmælt af hálfu þessara aðila. Þá hafi Stjórnarráð Íslands áritað landamerkjabréfið vegna Reykholtskirkju 7. febrúar 1913 með þeirri athugasemd einni að Reykholti væri áskilinn réttur til að „leigja út slægjur í selfararlandinu, eins og að undanfögnu hefir tíðkast svo og auðvitað veiði í Kjarrará.“

Austurhluti Síðumúlaslógar

Stefndi vísar til þess að þær fáu heimildir sem til séu um svæði þetta bendi allar til takmarkaðra afnota á því, s.s. veiðiréttar, selstöðu og hagbeitar, en ekki til þess að réttindi jarðarinnar Síðumúla eða Síðumúlakirkju til svæðisins hafi grundvallast á beinum eignarrétti. Skipti því ekki máli hér þótt óbyggðanefnd hafi ályktað að Örnólfsdalur væri innan upphaflegs landnáms samkvæmt landnámslýsingum. Stefndi bendi og á að land þetta hafi verið innan þess svæðis sem lögfest hafi verið sem afréttarland með lögfestunni 1873 og hafi hún meðal annars verið undirrituð af eiganda jarðarinnar Síðumúla. Þá sé og vísað til þess að eigandi Síðumúla hafi verið einn að þeim sem staðið hafi að gerð landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland 10. apríl 1890, en af bréfinu verði ráðið að þeir sem það gerðu hafi ekki litið svo á að það væri undirorpið beinum eignarrétti þeirra.

Helgavatnsselland

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sé þrætusvæðisins fyrst getið og þá í tengslum við jörðina Helgavatn. Kemur þar fram að jörðin eigi „[f]járupprekstur á Hellirstungur ut supra. [...] Selstöðu á jörðin þar sem heitir Þverárdalur, og er þangað ærið langt til að sækja.“ Í lögfestu, sem undirrituð sé af Ólafi Jónssyni 31. maí árið 1760, hafi hann lögfest jörðina Helgavatn, auk Helgavatnssellands á Þverárdal. Sé þar merkjum sellandsins lýst sérstaklega. Varðandi gildi lögfestunnar bendi stefndi á að lögfesta feli að jafnaði í sér einhliða lýsingu þess sem hana undirriti á þeim réttindum, og eftir atvikum merkjum fasteignar, sem hann telji sig eiga eða hafa einhver réttindi í. Hafi dómstólar að jafnaði lítið lagt upp úr lögfestum sem sönnunargögnum um tilvist eignarréttinda, þótt ekki sé útilokað að þær geti sem slíkar, ásamt öðru, haft einhverja þýðingu.

Stefndi bendi og á að Helgavatnsselland hafi verið innan þess afréttarlands sem lögfest hafi verið af 52 ábúendum í héraðinu á árinu 1873 og að eigandi jarðarinnar Helgavatns hafi verið einn þeirra sem hana

hafi undirritað án athugasemda. Þá hafi í landamerkjabréfinu fyrir svæðið á árinu 1890 verið sérstaklega getið um tiltekin réttindi jarðarinnar Helgavatns í afréttarlandinu (ítaksrétt) og skorður settar við tiltekinni nýtingu jarðarinnar á umræddu Helgavatnssellandi. Undir landamerkjabréfið hafi m.a. ritað eigandi Helgavatns án þess að gera um þetta sérstakar athugasemdir. Um ári fyrr, eða 1. maí 1889, hafi verið undirritað landamerkjabréf fyrir jörðina Helgavatn, en þar sé tiltekið, eftir að merkjum jarðarinnar hafi verið lýst, að Helgavatni „fylgi [...] land á Þverárdal fyrir framan Hermundarstaðaland“ og sé merkjum þess lýst. Byggi stefnandi á því að báðar þessar heimildir bendi skýrlega til þess að þeir sem að gerð þeirra hafi staðið, þ.m.t. eigandi jarðarinnar Helgavatns, hafi sjálfir gengið út frá því að það landsvæði sem þar væri innan merkja væri einungis undirorpið óbeinum eignarrétti þeirra, þ.e. upprekstrarrétti og hefðbundnum afréttarnotum. Þá hafi þau réttindi Helgavatns sem þar sé lýst einvörðungu verið réttur til selfarar og að sá réttur hafi verið takmörkunum háður.

Loks sé á það bent að Helgavatnsselland sé landfræðilega aðskilið frá jörðinni Helgavatni og hafi slíkt í dómum Hæstaréttar að jafnaði þótt benda til þess að slík svæði hefðu aðra eignarréttarlega stöðu en heimajörðin.

Almennt um gildi landamerkjabréfa

Stefndi áréttar að í fjölmörgum dómum Hæstaréttar í þjóðlendumálum komi fram sú niðurstaða að menn geti ekki með gerð landamerkjabréfs aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hefði.

Hefð, venja og fleiri atriði

Hvað varði málsástæðu stefnenda um að fullur hefðartími sé liðinn sé til þess að líta að ekkert liggi fyrir um annað en að þrætusvæðið allt eða einstakir hlutar þess hafi einungis verið nýttir til takmarkaðra nota. Fyrir liggja fjöldi dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum þar sem rétturinn staðfestir að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarreit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun á afréttarsvæðum, séu ekki talin nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að slíkum svæðum. Þau gögn og upplýsingar sem fyrir liggja varðandi umráð svæðisins geti ekki fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Því geti beinn eignarréttur að svæðinu ekki hafa stofnast fyrir hefð eftir gildistöku laga nr. 46/1905, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. laganna né sérreglu 12. gr. þeirra.

VI.

Niðurstaða

Almennt

Eins og áður greinir komst óbyggðanefnd m.a. að þeirri niðurstöðu í úrskurði sínum 11. október 2016, í máli nr. 3/2014, að þau landsvæði sem tilgreind eru í dómkröfum stefnenda væru þjóðlendir í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998 um þjóðlendir og afmörkun eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, þ.e. vesturhluti Tvídægru, austurhluti Tvídægru, Sámsstaðaselland, Reykholtsselland, austurhluti Síðumúlaskógar og Helgavatnsselland. Krefst stefnandinn Borgarbyggð þess nú aðallega að úrskurðurinn verði felldur úr gildi að því er varðar þjóðlendir á landsvæði innan marka þessara svæða, en til vara að úrskurðurinn verði felldur úr gildi að því er varðar hvert þessara svæða fyrir sig. Jafnframt verði viðurkennt að þar séu engar þjóðlendir. Stefnendurnir Vilhjálmur Diðriksson og Hans Pétur Diðriksson, eigendur jarðarinnar Helgavatns, krefjast þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi að því er varðar allt land innan tilgreindra merkja Helgavatnssellands og að viðurkennt verði að það land sé ekki þjóðlenda. Greinir aðila einungis á um það hvort umrædd svæði teljist þjóðlenda eða séu beinum eignarrétti undirorpin.

Austur- og vesturhluti Tvídægru ásamt Hellistungum

Eins og fram kemur í úrskurði óbyggðanefndar er Tvídægra víðfemt heiðarland. Á vesturhluta hennar, milli Lambagils og Hellisár, eru Hellistungur og norður af þeim er Gíslavatn. Þverá rennur á suðurmörkum

svæðisins úr Þverárvötnum. Vesturhlutinn er hallalítið landsvæði sem liggur austan Norðurárdals í yfir 120 m hæð. Nyrðri hluti svæðisins er að mestu votlent flóasvæði í um 400 m hæð með vötnum og kvíslum en sunnar, þ.e. á Þverárdal og Hellisdal, er svæðið þurrlandara. Austurhluti Tvídægru er öldótt landsvæði með meginleguna norðaustur-suðvestur og rennur Kjarará á suðvesturmörkum svæðisins.

Í Landnámu er greint frá því að Þorbjörn blesi hafi numið land í Norðurárdal fyrir sunnan á upp frá Króki og Hellisdal allan og búið á Blesastöðum. Hafi sonur hans verið Gísli að Melum í Hellisdal og við hann séu kennd Gíslavötn. Er talið að Blesastaðir hafi verið fornt eyðibýli í Krókslandi og því vestan við Hellistungur á vesturhluta Tvídægru. Hins vegar eru Hellisdalur og Gíslavatn á vestanverðri Tvídægru. Þá er og greint frá jörðinni Gilsbakka í Landnámu, en þar hafi búið Illugi hinn svarti.

Stefnandinn Borgarbyggð sýnist byggja á því að umrætt svæði hafi í öndverðu verið numið og að sá eignarréttur hafi ekki fallið niður. Enda þótt fallast megi á það með stefnandanum að a.m.k. hluti þess svæðis sem hér um ræðir hafi verið numinn á landnámsöld, s.s. Hellistungur, liggur ekkert fyrir um það hversu langt inn til landsins landnámið hefur þá náð. Hins vegar verður í sjálfu sér ekki séð að gróðurfari og landsháttum á svæðinu hafi verið þannig háttað að ætla megi að það hafi sett landnámi þar eða notkun svæðisins einhver augljós mörk. Til þess verður þó að líta að jafnvel þótt svo væri þyrfti fleira til að koma til að það gæti leitt til staðfestingar á tilvist beins eignarréttar yfir svæðinu. Þurfa slík réttindi að hafa yfirferst til síðari réttthafa, auk þess sem slíkur beinn eignarréttur kann að hafa fallið niður og svæðið verið tekið til annarra takmarkaðra nota. Við mat á slíku hefur í dómaframkvæmd verið talið skipta máli hvort umrætt svæði teljist óvefengjanlegur hluti jarðar, hvort svæðið teljist afréttur einstakra jarða og/eða stofnana eða hvort um samafnotaafrétt sé að ræða.

Elstu heimild um réttindi jarðar innan þessa svæðis er að finna í máldaga Árna biskups Helgasonar fyrir Gilsbakkakirkju frá árinu 1306, en þar er getið víðtækra veiðiréttinda sem kirkjan taldi sér til eignar á bæði austur- og vesturhluta Tvídægru, auk þess að eiga heimaland allt og Lambatungur. Þá er í vísitáslu Hjarðarholtskirkju frá árinu 1694 getið um réttindi kirkjunnar á Hellistungum, „kirkiu Eygnar land á Hellerstungum“. Elsta heimild sem lýsir merkjum á svæðinu er lögfesta Hjartar Jónssonar frá 1808, en þar er merkjum lýst heildstætt fyrir Gilsbakka, Lambatungur og austurhluta Tvídægru, án sérstakrar aðgreiningar. Hins vegar lögfesti hann sérstaklega veiði í tilteknum ám og vötnum á vesturhluta Tvídægru. Merkjum er og lýst á sama hátt í lögfestu Magnúsar Sigurðssonar fyrir Gilsbakkakirkjuland frá 16. maí 1848. Hann taldi síðan ástæðu til að fylgja lögfestunni eftir með því að banna upprekstur á fé og hrossum á „Gilsbakkakirkjuland á Tvídægru“, þar sem hann vissi til þess að „nokkrir af Hreppsbum í Hvítársíðuhreppi“ hefðu án hans leyfis nýtt svæðið til upprekstrar. Því banni og lögfestu Magnúsar var hins vegar harðlega mótmælt af hreppstjórum Hvítársíðu-, Þverárhliðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa strax í árslok 1849. Kom þá m.a. fram að þeir teldu að Gilsbakkakirkja ætti ekkert land fyrir norðan Kjarará og „að menn úr nefndum byggðarlögum héreptir sem hingað til, megi brúka fjallandið allt fyrir norðan Kjarará, fyrir afrétt sinn án þess að sækja leifi til þess, til nokkurs einstaks manns, eða greiða nokkra þóknun fyrir það nokkrum einstökum manni hverki Gilsbakkapresti né öðrum.“

Um afréttarlönd í Stafholts- og Hjarðarholtssóknum segir svo í sóknarlýsingu séra Ólafs Pálssonar í Stafholti frá árinu 1853: „Afréttarlönd. Bæir þeir allir sem eru austan Norðurár eiga afrétt á Hellistungum, Holtavörðuheiði og Tvídægru og er þar einnig upprekstur úr Þverárhlið, Hvítársíðu og nokkru af Norðurárdal.“

Nokkru síðar, eða á árinu 1873, stofnuðu ábúendur í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal, sunnan Norðurár og Sanddalsár, með sér samtök til verndar afréttarlandi og fjárrétt sem þeim hefði tilheyrt og samkvæmt bókun, dags. 17. október sama ár, mótmæltu þeir þá lögfestu fyrir Hjarðarholt á Hellistungum, sem undirrituð hafði verið af Vigfúsi Ólafssyni á árinu 1839, en upplesin á manntalsþingi að Hjarðarholti 23. maí 1873. Sagði þar m.a. svo: „Sömuleiðis lögfesti jeg og Hjarðarholtskirkjuland á

Hellirstungum [til tiltekinna ummerkja].“ Í kjölfarið lögfestu bændur í fyrrgreindum hreppum sér sjálfir allt afréttarland innan tiltekinna takmarka og var innan þess öll Tvídægura ásamt Hellistungum, Helgavatnsselland, Sámsstaðaselland, Reykholtsselland og hluti Síðumúlasellands. Í lögfestunni segir svo: „Allt það land sem liggur innan hjernefndra takmarka „lögfestum“ vjer og lísu fullkomna sameiginlega Eign allra bigdra jarda sem liggja í hjeraðinu, milli Hvítar að sunnan alt að Nordurá, og Nordurá og Sanddalsár að vestan í Mýrasýslu, þennan Eignarrjett vorn og tjéðra jarda grundum vjer og biggjum á omunatíðar óátaldri notkun Abúenda þeyrra, sem og á úrskurdi Vesturamtsins dagsettum 20 janúar 1851 sem ónýtti þá einu tilraun er vjer vitum til að gjörð hafi verið til að hnekkja þessum Eignarrjetti vorum, alt til þessa tíma.“ Þá segir enn fremur: „Bönnum við hjer með, first öllum mönnum utann hjeraðs, eður utan tjéðra takmarka, að nota á nokkurn hátt eður ásælast þetta vort afrjettarland og Fjarrjett vora, að fráteknum þeim er eiga þar lögleg ítök, að því leyti sem þau eiga rjettilega að notast, enn sem vjer vitum ekkji til og könnust ekkji við að önnur sjeu hvað landsnytjar snertir en „Selför Reykholtskyrkju á Kjör.“ Og í annan stað sje öllum einstökum mönnum innan hjeraðs eður innann tjéðra takmarka bannað að nota eður leyfa öðrum að nota á nokkurn hátt þetta afrjettarland og Rjettina frekar eður á annann hátt enn hver eirn hefur rjett og tilkall til, fyrir sig og sína Abýlisjörð. Enn skyldi mót von vorri og vitund nokkur sá vera sem gjetur helgað sjer eður abýlisjörð sinni, nokkurn sjerstakann landshluta í optnefndu afrjettarlandi, eður hefur rjett til nokkurrar sjerstakrar notkunar, auk hins sameiginlega Eignarrjettar, (að undanteknum Sýðumúla skógji) skorum vjer á hvern þann að auglísá þann rjett á Löglegann hátt og opinnberann. Vjer meinum ekkji hjer með Selfarrjett þeyrra jarda sem hafa Lögild skilríkji fyrir Sellöndum á tilteknum stöðum.“ Rituðu alls 52 bændur undir lögfestuna og var hún þinglesin alls fjórum sinnum á árinu 1874.

Landamerkjabréf fyrir hið sameiginlega afréttarland sem lögfestan frá 1873 hafði tekið til var gert 10. apríl 1890, en innan lýsingar þess féllu austur- og vesturhluti Tvídæguru ásamt Hellistungum. Jafnframt náði lýsing þess til Helgavatnssellands, Sámsstaðasellands, Reykholtssellands og Síðumúlasellands, en Lambatungur voru þar fyrir utan. Kemur fram í bréfinu, þar sem greinir frá ítökum í afréttarlandinu, að Gilsbakkakirkja eigi veiði á tilteknum stöðum í Kjarará og í tilteknum ám og vötnum eftir því sem segi í máldögum kirkjunnar. Þá kemur þar og fram að réttindi þeirra sem aðild eigi að því sæti þeim takmörkunum að: „Engum hinum framannefnda selfarrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför. – Upprekstrarfjelagið á enga veiði í Kjarará.“

Með gerð landamerkjabréfins voru deilur abúendanna í hreppunum fjórum við umráðamann Gilsbakka leiddar til lykta en umráðamaður Hjarðarholts neitaði hins vegar að skrifa undir bréfið. Hófast í kjölfarið málaferli um eignarrétt að Hellistungum, sem lyktaði með dómi Landsyfírréttar 12. október 1896, í máli nr. 11/1896. Í dóminum var eignartilkalli kirkjunnar, byggðu á vísitasíum og lögfestum hennar, hafnað þar sem þau væru ekkert annað en „skrásetning þess, er umráðamenn eða eigendur kirkjunnar hafa einhliða viljað telja til eigna hennar.“ Var niðurstaða dómsins sú að Hellistungur væru eign upprekstrarfélags fyrrgreindra hreppa, fyrst og fremst á þeim grundvelli að svæðið hefði frá ómunatíð verið notað af upprekstrarfélaginu til upprekstrar, sbr. 26. kafla landleigubálks Jónsbókar.

Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir prestsetrið Gilsbakka 20. ágúst 1889 þar sem merkjum jarðarinnar og Lambatungna var lýst með heildstæðum hætti, en sú lýsing náði hins vegar ekki til Tvídæguru.

Samkvæmt framangreindu liggur ekkert annað fyrir um afnot umrædds landsvæðis allt fram á þessa öld en að þar hafi einkum verið um að ræða takmörkuð réttindi, svo sem réttindi til veiði, selstöðu og síðar beitar. Verður ekki séð að Gilsbakkakirkja hafi gert tilkall til vesturhluta Tvídæguru sem eignarlands síns heldur eingöngu til veiðiréttinda, sbr. lögfestur kirkjunnar frá 1808 og 1848. Verður og ráðið af lögfestu bændanna frá 1873 og fyrirbyggjandi bréfaskiptum milli talsmanna bænda og prestanna að Gilsbakka og Hjarðarholti að bændurnir töldu allt hið umdeilda svæði hafa verið notað öldum saman til upprekstrar fyrir

jarðir í Hvítársíðu-, Þverárhlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum og að svæðið lyti ekki beinum eignarrétti fyrrnefndra kirkna.

Að virtum texta landamerkjabréfsins frá 1890 og aðdragandanum að gerð þess sýnist ætlunin hafa verið sú að tilteknir aðilar, þ.m.t. Gilsbakkakirkja, Hjarðarholtskirkja, Reykholtisdalskirkja, Síðumúlakirkja og einstakir jarðeigendur annars vegar og hins vegar oddvitar tilgreindra fjögurra hreppa og upprekstrarfélags þeirra, gerðu með sér samkomulag um að leggja niður deilur sem uppi höfðu verið um eignarhaldið með því að kirkjustaðirnir gæfu eftir eignartilkall til ætlaðs eignarréttar á hinu lýsta landi að öðru leyti en því að viðurkennd yrðu óbein eignarréttindi þeirra, s.s. veiðiréttur og selstaða. Með undirritun bréfsins yrði þá staðfestur réttur upprekstrarfélags umræddra hreppa til upprekstrar á svæðinu, sem ekki liggur fyrir að hafi fram að því grundvallast á neinum skjallægum heimildum heldur fremur á nýtingu svæðisins um nokkurra alda skeið til búfjárbeitar. Var prestur Gilsbakkakirkju, eigandi Gilsbakka, einn þeirra sem hvöttu til þess samkomulags sem fólst í framangreindu landamerkjabréfi og staðfesti hann það með undirritun sinni. Hins vegar verður ekkert ráðið um að ætlunin með því hafi jafnframt verið að yfirfæra frá kirkjunum frekari eignarréttindi til upprekstraraðila og rétthafa samkvæmt landamerkjabréfinu, hafi viðkomandi aðilar á annað borð talið slíkum frekari réttindum fyrir að fara.

Stefnandinn Borgarbyggð hefur vísað til þess að fyrrgreindur dómur Landsyfírréttar frá 12. október 1896 um Hellistungur staðfesti beinan eignarrétt stefnandans að því svæði. Við mat á þýðingu framangreindrar niðurstöðu dómsins til ákvörðunar á eignarréttarlegri stöðu fyrrgreinds svæðis verður fallist á þá niðurstöðu óbyggðanefndar, með vísan til 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að dómur þessi geti ekki talist bindandi í því tilliti, enda aðild þess máls öðruvísi háttáð og sakarefnið ekki það sama, en í málinu nú er fjallað um eignarréttarlega stöðu lands á grundvelli þjóðlendulaga nr. 58/1998 með aðild íslenska ríkisins. Þá sýnist og ljóst að í tilvitnuðu máli var deilt um óbein eignarréttindi upprekstrarfélagsins að Hellistungum og verður með hliðsjón af því að túlka niðurstöðu dómsins á þann veg að eingöngu slík réttindi félagsins hafi í dómnum verið viðurkennd.

Að öllu framangreindu virtu verður ekki ráðið að upphaflegur beinn eignarréttur að landsvæðinu, hvort heldur sem er að vestur- eða austurhluta Tvídægru, hafi á einhvern hátt stofnast til handa stefnandanum Borgarbyggð eða flust yfir til hans, heldur hafi þar eingöngu stofnast til óbeinna eignarréttinda. Hefur stefnandi ekki sýnt fram á annað en að umrætt svæði á Tvídægru hafi frá upphafi verið nýtt til sameiginlegs upprekstrar og beitar fyrir búfé á sama hátt og á við um samafnotaafrétti almennt.

Ekki liggur fyrir að stefnandinn Borgarbyggð eða forverar hans, upprekstrarfélag fyrrgreindra fjögurra hreppa og þar á undan bændur á svæðinu, hafi haft af umræddu landsvæði önnur not en hefðbundin afréttarnot til sumarbeitar fyrir búfénað. Er því ekki hald í þeirri málsástæðu stefnanda að hann hafi unnið á landinu eignarhefð.

Með hliðsjón af framangreindu, og að gættum þeim sönnunarreglum sem mótast hafa á undanförunum árum á þessu sviði og ekki teljast í andstöðu við ákv. 72. gr. stjórnarskrárinnar, er það niðurstaða dómsins að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á að Tvídægri sé eignarland. Verður ekki talið að neinu geti breytt í því tilliti þótt óbyggðanefnd og dómstólar hafi áður komist að þeirri niðurstöðu að aðliggjandi eða nálæg landsvæði, s.s. Lambatungur, land Kvía og óskipt land Kalmanstungu, séu undirorpin beinum eignarrétti, í ljósi þess að saga eignarhalds og afmörkunar þessara svæða er í mörgu frábrugðin hinu umdeilda landi á Tvídægru. Verður því staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um að umrædd svæði á vestur- og austurhluta Tvídægru séu ekki eignarlönd, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti, heldur þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

Sámsstaðaselland

Sámsstaðaselland liggur í yfir 200 m hæð norður af Kjarará og er aðliggjandi austurhluta Tvídægru. Í suðvesturhorni svæðisins er svokallaður Víghóll, en þar fyrir neðan eru háir hamrar báðum megin við Kjarará sem heita Hnitbjörg. Svæðið er gróið og hallamikið mót suðri. Frá bæjarstæði jarðarinnar Sámsstaða að Kjarará við suðurmörk sellandsins eru um 6 km, mælt í beinni loftlínu.

Í Landnámu er greint frá því að Örnólfur hafi numið Örnólfsdal og Kjarradal fyrir norðan upp til Hnitbjarga. Þá er þar einnig getið um land sunnan Kjararár upp frá Sleggjulæk til Hnitbjarga, sem Ásbjörn hinn auðgi Harðarson hafi keypt. Verður með hliðsjón af þessu og staðháttum að telja að svæði þetta hafi, alla vega að verulegu leyti, verið numið.

Elsta heimild sem getur sjálfstætt um jörðina Sámsstaði er kaupbréf vegna sölu á jörðinni Kalmanstungu frá 1398 þar sem nokkrar jarðir, þ. á m. Sámsstaðir, eru láttnar á móti. Er merkjum Sámsstaða í bréfinu lýst annars vegar sunnan Kjararár og hins vegar norðan hennar. Elsta heimild sem getur um réttindi í Sámsstaðasellandi er máldagi Gilsbakkakirkju frá 1306 þar sem segir að kirkjan eigi „vidarRif“ í sellandi Sámsstaðamanna, en samsvarandi ákvæði er að finna í yngri máldögum og vísitasúm fyrir þá kirkju, allt fram á 18. öld. Fyrirliggjandi heimildir um afnot svæðisins frá 14. öld og fram á 21. öld fjalla hins vegar einkum um takmörkuð not, svo sem veiðirétt, selstöðu og síðar beit, en ekki heilsársbúsetu.

Enda þótt telja verði líklegt, eins og fyrr segir, að umrætt svæði hafi að verulegu leyti verið numið á landnámsöld liggur ekkert fyrir í málinu um að svæðið hafi verið notað til búsetu eða að beinn eignarréttur að því hafi haldist í gegnum aldirnar.

Áður er fram komið að 52 bændur í fjórum tilgreindum hreppum lögfestu sér afréttarland innan tilgreindra merkja, sem náði yfir alla Tvídægru ásamt Hellistungum, Helgavatnssellandi, Sámsstaðasellandi, Reykholtssellandi og hluta Síðumúlasellands. Verður ekki annað ráðið en að þeir sem að gerð hennar stóðu, þ. á m. eigandi Sámsstaða, hafi litið svo á að umrætt svæði, Sámsstaðaselland, væri ekki undirorpið beinum eignarrétti. Þá segir svo í landamerkjabréfi Sámsstaða 1. maí 1890: „Í kaupbrjefi fyrir Kalmannstungu og Sámsstöðum frá 1398, er talið, að Sámsstaðir eigi land fyrir ofan Kjarará, og tilgreind landamerki. En á fundi sem haldin var í Síðumúla 8. apríl 1890, samdist svo að Sámsstaðir slepptu tilkalli til eignar á landi þessu, en ættu þar einungis selland, og hjeldu óskertum veiðirjettinum í Kjarrará.“ Þá kemur fram í landamerkjabréfinu fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 10. apríl 1890, sem eigandi Sámsstaða staðfesti með undirritun sinni, að réttindi þeirra sem aðild eigi að því sæti þeim takmörkunum að: „Engum hinum framannefnda selfararrjetti eða ítakstrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför. – Upprekstrarfjelaði á enga veiði í Kjarará.“

Að framangreintu virtu verður ekki talið að í fyrrgreindu landamerkjabréfi fyrir hið sameiginlega afréttarland sé verið að lýsa frekari réttindum en þeim takmörkuðu eignarréttindum eigenda Sámsstaða sem fólust í rétti til selfarar og veiði. Verður ekki ráðið að upphaflegur beinn eignarréttur að hinu umdeilda svæði hafi á einhvern hátt stofnast til handa stefnandanum Borgarbyggð eða flust yfir til hans, heldur hafi þar eingöngu stofnast til óbeinna eignarréttinda. Hefur stefnandinn ekki sýnt fram á annað en að umrætt svæði hafi frá upphafi verið nýtt til sameiginlegs upprekstrar og beitar fyrir búfé á sama hátt og á við um samafnotaafrétti almennt.

Ekki liggur fyrir að stefnandinn Borgarbyggð eða forverar hans, upprekstrarfélag fyrrgreindra fjögurra hreppa og þar á undan bændur á svæðinu, hafi haft af umræddu landsvæði önnur not en hefðbundin afréttarnot til sumarbeitar fyrir búfénað. Er því ekki hald í þeirri málsástæðu stefnanda að hann hafi unnið á landinu eignarhefð.

Með hliðsjón af framangreindu, og að gættum þeim sönnunarreglum sem mótast hafa á undanförunum árum

á þessu sviði og ekki teljast í andstöðu við ákv. 72. gr. stjórnarskrárinnar, er það niðurstaða dómsins að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á að Sámstaðaselland sé eignarland. Verður staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um að þar sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

Reykholtselland

Land þetta liggur í yfir 140 m hæð norður af Kjarará og rís hæst nyrst í 494 m hæð. Liggja mörk svæðisins gagnvart Síðmúlaskógi að vestan í Skjaldmeyjargili en gagnvart Sámstaðasellandi að austan í Rangárgili. Að sunnanverðu ræður Kjarará en að norðan liggur jörðin Kvíar I.

Eins og fyrr segir er í Landnámu getið um það að Örnólfur hafi numið Örnólfsdal og Kjarradal fyrir norðan upp til Hnitbjarga. Þá er þar einnig getið um land sunnan Kjararár upp frá Sleggjulæk til Hnitbjarga, sem Ásbjörn hinn auðgi Harðarson hafi keypt. Verður með hliðsjón af þessu og staðháttum öllum að telja að svæði þetta hafi í öndverðu verið numið.

Réttinda Reykholtskirkju í Reykholtssellandi er getið í fjölmörgum rituðum heimildum, fyrst í máldaga frá árinu 1185, en engar heimildir geta um heildstæð landamerki þessa svæðis. Þannig er þess getið í máldögum, vísitasíum, vitnisburðum og lögfestum allt fram á 19. öld að kirkjan telji til tilgreindra réttinda á svæðinu, s.s. selstöðu eða selför í Kjör og til veiðiréttar í Kjarará á móti Síðumúla. Ekkert verður hins vegar af heimildum ráðið hvernig kirkjan var upphaflega komin að þessum réttindum, en landfræðilegum tengslum er ekki fyrir að fara. Þá er enga vísbendingu í þeim að finna um heilsársbúsetu á svæðinu eða hvort um hafi verið að ræða einhver frekari réttindi en óbein eignarréttindi af framangreindum toga. Samkvæmt framangreindu verður ekki séð, þrátt fyrir líkur á upphaflegu landnámi svæðisins, að litið hafi verið svo á þegar komið var fram á miðja nítjándu öld að svæði þetta væri þá háð beinum eignarrétti.

Áður er fram komið að 52 bændur í fjórum tilgreindum hreppum lögfestu sér afréttarland innan tilgreindra merkja, sem náði yfir alla Tvídægru ásamt Hellistungum, Helgavatnssellandi, Sámstaðasellandi, Reykholtssellandi og hluta Síðumúlasellands. Verður ekki annað ráðið en að þeir sem að gerð hennar stóðu hafi litið svo á að þeir hafi ótalið getað nýtt svæðið til upprekstrar og að Reykholtskirkja hafi þar aðeins farið með takmörkuð eignarréttindi. Var lögfestunni ekki mótmælt af hálfu Reykholtskirkju vegna Reykholtssellandsins.

Í landamerkjabréfinu fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 10. apríl 1890, sem m.a. nær yfir umrætt svæði, kemur fram að Reykholtskirkja eigi „Selför á Kjör milli, Rangagils og Skjaldmeyjargils og veiði í Kjarará fyrir því landi móts við Síðumúla.“ Þá kemur fram að réttindi þeirra sem aðild eigi að bréfinu sæti þeim takmörkunum að: „Engum hinum framannefnda selfararrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför. – Upprekstrarfjelaði á enga veiði í Kjarará.“ Að virtum texta bréfsins og aðdragandanum að gerð þess sýnist ætlunin hafa verið sú að kirkjunnar, þ. á m. Reykholtskirkja, gæfu eftir tilkall sitt til landsins sem í bréfinu er lýst, að öðru leyti en því að hin tilteknu óbeinu eignarréttindi þeirra, s.s. veiðiréttur og selstaða, yrðu viðurkennd. Fyrir liggur að bréfi þessu var ekki mótmælt af hálfu kirkjunnar strax í kjölfar útgáfu þess. Bréfið var þó ekki undirritað af hennar hálfu fyrr en á árinu 1913 og þá einungis með þeirri athugasemd „að Reikholti er áskilinn rjettur til að leigja út slægjur í selfararlandinu, eins og að undanfögnu hefir tíðkast svo og auðvitað veiði í Kjarará.“

Af framangreindu sýnist ljóst að í landamerkjabréfinu fyrir hið sameiginlega afréttarsvæði sé verið að lýsa takmörkuðum og óljósum eignarréttindum Reykholtskirkju og hafi það verið staðfest af hálfu kirkjunnar með framangreindri undirritun. Þá verður ekki talið að þau lögskipti sem felast í landamerkjabréfinu beri það með sér að ætlunin hafi verið að yfirfæra samhliða frá Reykholtskirkju frekari eignarréttindi af einhverjum toga til upprekstraraðila og réttihafa samkvæmt bréfinu, hafi viðkomandi aðilar á annað borð talið slíkum frekari réttindum fyrir að fara. Hefur stefnandinn ekki sýnt fram á annað en að umrætt svæði

hafi frá upphafi verið nýtt til sameiginlegs upprekstrar og beitar fyrir búfé á sama hátt og á við um samafnotaafreйти almennt.

Ekki liggur fyrir að stefnandinn Borgarbyggð eða forverar hans, upprekstrarfélag fyrrgreindra fjögurra hreppa og þar á undan bændur á svæðinu, hafi haft af umræddu landsvæði önnur not en hefðbundin afreittarnot til sumarbeitar fyrir búfénað. Er því ekki hald í þeirri málsástæðu stefnanda að hann hafi unnið á landinu eignarhefð.

Með hliðsjón af framangreindu, og að gættum þeim sönnunarreglum sem mótast hafa á undanförunum árum á þessu sviði og ekki teljast í andstöðu við ákv. 72. gr. stjórnarskrárinnar, er það niðurstaða dómsins að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á að Reykholtsselland sé eignarland. Verður staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um að þar sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

Austurhluti Síðumúlaskógar

Ekki sýnist um það deilt að kröfugerð stefnandans Borgarbyggðar hér fyrir dómi, þar sem hann krefst þess að úrskurður óbyggðanefndar verði felldur úr gildi að því er varðar austurhluta Síðumúlaskógar og viðurkenningar á því að svæðið teljist ekki þjóðlenda, sé víðtækari en sú kröfugerð er hann hafði uppi fyrir óbyggðanefnd. Liggur fyrir að kröfugerð stefnandans náði einungis til þess fyrir óbyggðanefnd að viðurkennd yrðu óbein eignarréttindi hans að svæðinu færi svo að krafa eiganda jarðarinnar Síðumúla um beinan eignarrétt að því yrði ekki viðurkennd. Kemur fram í stefnu Borgarbyggðar að eigandi Síðumúla „gerir ekki fyrir dómi sérstaka kröfu um ógildingu þar sem mestallar kröfur hans voru teknar til greina. Stefnandi á þó hagsmuna að gæta a.m.k. sem eigandi óbeins eignarréttar og krefst ógildingar þess að Síðumúlaskógur verði gerður að þjóðlendu og lítur þannig á að aðild Síðumúlaeiganda sé ekki nauðsynleg með hliðsjón af atvikum öllum.“

Í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur o.fl. segir að sá sem ekki vilji una úrskurði óbyggðanefndar skuli höfða einkamál innan sex mánaða frá útgáfudegi þess Lögbirtingablaðs sem útdráttur úr úrskurði er birtur í skv. 1. mgr. 18. gr. Í síðari málslið greinarinnar segir að unnt sé að leggja til úrlausnar hverja þá kröfu sem gerð hafi verið fyrir nefndinni. Í 2. mgr. 14. gr. laganna segir að mál sem heyri undir óbyggðanefnd verði ekki borið undir dómstóla fyrr en eftir að nefndin hafi lokið umfjöllun sinni um það. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laganna segir um 2. mgr. 14. gr. að álitaefti sem lögð séu til óbyggðanefndar verði ekki lögð fyrir dómstóla fyrr en nefndin hefur fjallað um þau og feli ákvæðið það í sér að slíkri kröfu ætti að vísa frá dómi og aðili yrði að leggja hana fyrir óbyggðanefnd og fá úrskurð um hana áður en hann leitaði til dómstóla. Þá segir í greinargerðinni um 19. gr. laganna að gert sé ráð fyrir því að sá sem leiti til dómstóla geti haft þar uppi sömu kröfur og gert hafi verið fyrir óbyggðanefnd en vegna reglu 2. mgr. 14. gr. verði ekki höfð uppi víðtækari kröfugerð fyrir dómstólum en gert hafi verið fyrir nefndinni. Þá verði að líta svo á að viðkomandi geti þrengt kröfugerð sína frá því sem gert hafi verið fyrir nefndinni.

Með hliðsjón af framangreindu, og þar sem kröfugerð stefnandans hér fyrir dómi er víðtækari vegna umrædds svæðis en sú kröfugerð sem hann hafði uppi vegna þess fyrir óbyggðanefnd, verður ekki hjá því komist, með vísan til 1. mgr. 19. gr. laga nr. 58/1998, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga, að vísa þessari kröfugerð hans frá dómi.

Helgavatnsselland

Helgavatnssel liggur í suðvesturhorni Tvídægru, norður af Litlu-Þverá í Þverárdal, og er hluti hins sameinaða upprekstrarlands Þverárréttar. Frá bæjarstæði Helgavatns að vesturmörkum þess eru 8,1 km mælt í beinni loftlínu og liggja nokkrar jarðir þar á milli.

Um landnám í Þverárdal og Þverárhlíð segir svo í Landnámu: „Hrómundur kom skipi sínu í Hvítá; hann nam Þverárdal og Þverárhlíð ofan til Hallarmúla og fram til Þverár ...“

Sýnist af þessari frásögn mega álykta að mjög líklegt sé að svæði þetta hafi verið numið í öndverðu. Fleira þarf þó að koma til þannig að það geti leitt til staðfestingar á tilvist beins eignarréttar yfir svæðinu. Þurfa slík réttindi að hafa yfirferst til síðari réttahafta, auk þess sem slíkur beinn eigarréttur kann að hafa fallið niður og svæðið verið tekið til annarra takmarkaðra nota. Við mat á slíku hefur í dómaframkvæmd verið talið skipta máli hvort umrætt svæði teljist óvefengjanlegur hluti jarðar, hvort svæðið teljist afréttur einstakra jarða og/eða stofnana eða hvort um samafnotaafrétt sé að ræða.

Svæðisins er fyrst getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709, en þar kemur fram að jörðin Helgavatn eigi selstöðu sem heiti Þverárdalur og þangað sé ærið langt að sækja. Í lögfestu Ólafs Jónssonar frá 31. maí 1760 lögfestir hann jörðina Helgavatn, auk Helgavatnssellands á Þverárdal. Er merkjum sellandsins lýst þar sérstaklega en þó ekki alveg með heildstæðum hætti. Heimildir herma að stopul búseta hafi verið í Helgavatnsseli á árabílinu 1869 til 1886 án þess þó að stofnað væri þar til nýbýlis með lögformlegum hætti.

Hér að framan, sérstaklega í umfjöllun um Tvídæguru, er frá því greint að 52 bændur í fjórum tilgreindum hreppum lögfestu sér afréttarland innan tilgreindra merkja, sem náði yfir alla Tvídæguru, ásamt Hellistungum, Helgavatnssellandi, Sámstaðasellandi, Reykholtssellandi og hluta Síðumúlasellands, en aðdraganda þess mátti rekja til deilna þeirra við prestana á Gilsbakka og í Hjarðarholti. Var eigandi Helgavatns einn þeirra er undir lögfestu þessa ritaði.

Landamerkjabréf fyrir jörðina Helgavatn var útbúið 1. maí 1889 og var því þinglýst 22. sama mánaðar. Í því segir m.a. um hið umþrætta landsvæði: „Einnig fylgir Helgavatni land á Þverárdal fyrir framan Hermundarstaðaland, og eru landamerki þar þannig: Að vestanverðu frá Þverá ræður lækur uppeftir nyrðri Sýrdal allt upp að tjörn, sem er upp á háhálsinum, og að norðanverðu úr tjörninni í urðarstapa, úr urðarstapa í Spenatjarnir þaðan eftir Fanngili ofan að steini á Eystri gilbarminum, úr þeim steini sjónhending í Hásuður á Háu mela við Þverá, svo ræður Þverá að sunnanverðu allt að nyrðri Sýrdalslæk.“

Landamerkjabréf fyrir hið sameiginlega afréttarland, sem lögfestan frá 1873 hafði tekið til, var gert 10. apríl 1890. Að virtum texta þess og aðdragandanum að gerð þess sýnist ætlunin hafa verið sú að tilteknir aðilar, þ.m.t. Gilsbakkakirkja, Hjarðarholtskirkja, Reykholtsdalskirkja, Síðumúlakirkja og einstakir jarðeigendur annars vegar og hins vegar oddvitar tilgreindra fjögurra hreppa og upprekstrarfélags þeirra, gerðu með sér samkomulag um að leggja niður deilur sem uppi höfðu verið um eignarhald svæðisins með því að kirkjustaðirnir gæfu eftir eignartilkall til ætlaðs eignarréttar á því að öðru leyti en því að viðurkennd yrðu óbein eignarréttindi þeirra, s.s. veiðiréttur og selstaða. Með undirritun bréfsins yrði þá staðfestur réttur upprekstrarfélags umræddra hreppa til upprekstrar á svæðinu, sem ekki liggur fyrir að hafi fram að því grundvallast á neinum skjallægum heimildum heldur fremur á nýtingu svæðisins um nokkurra alda skeið til búfjárbeitar. Í bréfinu kemur eftirfarandi fram um landamerki jarðarinnar Helgavatns: „Jörðin Helgavatn í Þverárhlíð á land á Þverárdal þar sem heitir Helgavatnssel innan þessara ummerkja: Að vestanverðu ræður lækur uppfrá Þverá uppeftir nyrðri Sýrdal allt upp í Sýrdalsvatn, sem er uppi á hálsinum; að norðanverðu ræður sjónhending úr Sýrdalsvatni í Urðarstapa og úr Urðarstapa í upptök Fanngils; að austanverðu ræður Fanngil (úr Sýrdalsvatni) niður í Þverá og hún að sunnanverðu að Sýrdalslæk nyrðri. Eignarrjetturinn [yfir landi þessu] er háður þeim takmörkum að eigandi þess má aldrei hver sem hann verður setja nýbýli í landið eða taka það í upprekstur.“ Þá kemur einnig fram í bréfinu að réttindi þeirra sem aðild eigi að því sæti þeim takmörkunum að: „Engum hinum frammannefnda selfarrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför. – Upprekstrarfjelagið á enga veiði í Kjarará.“ Var bréf þetta undirritað og staðfest af eiganda Helgavatns.

Að framangreindu virtu verður ekki talið að í fyrrgreindu landamerkjabréfi fyrir hið sameiginlega afréttarland sé verið að lýsa frekari réttindum eiganda Helgavatns til Helgavatnssellands en þeim takmörkuðu eignarréttindum sem fólust í rétti hans til selfarar. Eins og fyrrgreindum atvikum var háttáð gátu stefnendur ekki, þrátt fyrir að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðinni Helgavatni hafi verið þinglýst athugasemdaleust, haft nokkra réttmæta ástæðu til að ætla að þeir hefðu öðlast beinan eignarrétt yfir Helgavatnssellandi.

Þar sem óumdeilt sýnist að ekki hafi verið nein búseta í Helgavatnssellandi frá 1886, og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi verið háttáð þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign, verður ekki á það fallist með stefnendum að til beins eignarréttar að landinu geti hafa stofnast fyrir hefð.

Með hliðsjón af framangreindu, og að gættum þeim sönnunarreglum sem mótast hafa á undanförunum árum á þessu sviði og ekki teljast í andstöðu við ákv. 72. gr. stjórnarskrárinnar, er það niðurstaða dómsins að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á að Helgavatnsselland sé eignarland. Verður ekki talið að neinu geti breytt í því tilliti þótt óbyggðanefnd hafi áður komist að þeirri niðurstöðu að aðliggjandi eða nálæg landsvæði, s.s. land Hermundarstaða, Kvía og Króks, séu undirorpin beinum eignarrétti, í ljósi þess að saga eignarhalds og afmörkunar þessara svæða sýnist í mörgu frábrugðin hinu umdeilda landi Helgavatnssellands, auk þess sem aðliggjandi land á Tvídægri hefur einnig verið úrskurðað þjóðlenda. Verður því staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um að Helgavatnsselland sé ekki eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti, heldur þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

Samantekt, málskostnaður o.fl.

Samkvæmt því sem að framan hefur verið rakið hefur dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að staðfesta beri úrskurð óbyggðanefndar vegna allra þeirra landsvæða sem kröfugerð stefnenda snýr að, að undanskildum austurhluta Síðumúlaskógar, um að svæðin teljist vera þjóðlendur. Verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnenda, þ. á m. varakröfu stefnandans Borgarbyggðar, að öðru leyti en því að kröfum stefnandans Borgarbyggðar vegna austurhluta Síðumúlaskógar er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður. Um gjafsóknarkostnað fer eins og segir í dómsorði.

Ásgeir Magnússon dómstjóri kveður upp dóm þennan, en við uppkvaðningu hans var gætt ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Dómsorð:

Vísað er frá dómi kröfu stefnandans Borgarbyggðar um að úrskurður óbyggðanefndar frá 11. október 2016, í málinu nr. 3/2014, verði felldur úr gildi að því er varðar austurhluta Síðumúlaskógar og að viðurkennt verði að ekki sé þjóðlenda innan tilgreindra merkja þess svæðis.

Stefndi, íslenska ríkið, er að öðru leyti sýkn af kröfum stefnandans Borgarbyggðar og sýkn af kröfum stefnendanna Vilhálms Diðrikssonar og Hans Péturs Diðrikssonar.

Málskostnaður fellur niður. Allur gjafsóknarkostnaður stefnenda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin lögmannspóknun stefnandans Borgarbyggðar að fjárhæð 3.200.000 krónur og lögmannspóknun stefnendanna Vilhálms og Hans Péturs að fjárhæð 1.600.000 krónur.